FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
51. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 1. MARS 2017



„Má ég þurrka mér um munninn með þessu?“ spurði hin þriggja ára gamla Freydís Borg Ágústsdóttir forsetann þegar hún heimsótti hann í gær. Ágúst Hauksson, faðir Freydísar, útskýrði fyrir henni að það væri ekki rétt nýting á bindinu. Guðni Th. Jóhannesson bauð í gær hópi einstakra barna og fjölskyldum þeirra í heimsókn í tilefni af degi sjaldgæfra sjúkdóma. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Hver Íslendingur losar um 14 tonn

**UMHVERFISMÁL** Losun gróðurhúsalofttegunda á hvern íbúa hér á landi er um 14 tonn af koldíoxíðsígildum en er 4,9 tonn á heimsvísu og 7,4 tonn að meðaltali í ríkjum Evrópusambandsins. Þetta kemur fram í skýrslu Bjartar Ólafsdóttur, umhverfis- og auðlindaráðherra, um stöðu og stefnu í loftslagsmálum sem lögð var fram á Alþingi í gær.

Þar kemur einnig fram að losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi hefur aukist um 26% frá 1990 til 2015 og var um 4,6 milljón tonn af $CO_2$-ígildum árið 2014. Á sama tíma hefur losun dregist saman um 24% samtals í 28 ríkjum ESB. **– bb / sjá síðu 6**

## Óþekkjanleg á öskudag

**LÍFIÐ** Öskudagur er runninn upp og Lífið fór af því tilefni á stúfana og fékk nokkra þekkta einstaklinga til að gramsa í gömlum myndaalbúmum og senda okkur öskudagsmyndir frá fyrri tíð. Þar má meðal annars finna Frikka Dór sem poppgoðið Pharell Williams, Áslaugu Örnu Sigurbjörnsdóttur, varaformann þingflokks Sjálfstæðismanna, árið 1996, sem og Ósk Gunnarsdóttur, viðburðastjóra hjá Eskimo Events, á öskudag árið 1991 í kanínubúningi.



**– gha / Sjá síðu 28**

# Hittu vogunarsjóði á fundum í New York

**Embættismenn hittu bandaríska sjóði, sem eiga 150 milljarða í aflandskrónum, í vikunni. Tóku ekki þátt í útboði í fyrra, en vilja losna með eignir sínar úr landi. Annað útboð mögulegt þar sem sjóðirnir myndu selja á litlum afslætti.**

**VIÐSKIPTI** Stjórnvöld eiga í viðræðum við bandaríska vogunar- og fjárfestingarsjóði, sem eiga um 150 milljarða í aflandskrónum og neituðu að taka þátt í gjaldeyrisútboði Seðlabankans í júní 2016, til að kanna grundvöll að samkomulagi sem myndi gera sjóðunum kleift að flytja eignir sínar úr landi í skiptum fyrir gjaldeyri.

Slíkt samkomulag, þar sem helst er horft til þess að haldið verði annað útboð, myndi óhjákvæmilega þýða umtalsvert hagstæðara gengi fyrir sjóðina – líklegast á bilinu 130 til 140 krónur fyrir hverja evru – en stjórnvöld voru reiðubúin að samþykkja í viðræðum við sömu sjóði í fyrra. Krónan hefur hækkað í verði um liðlega 20 prósent frá útboði Seðlabankans fyrir um níu mánuðum þegar bankinn samþykkti tilboð frá aflandskrónueigendum fyrir alls 83 milljarða á genginu 190 gagnvart evru.

Samkvæmt heimildum Markaðarins héldu fulltrúar á vegum íslenskra stjórnvalda til New York síðastliðinn sunnudag til að eiga fundi með bandarísku sjóðunum en þeir eru Autonomy Capital, Eaton Vance, Loomis Sayles og Discovery Capital. Á meðal þeirra sem sóttu fundina fyrir hönd stjórnvalda voru Jón Þ. Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri alþjóðasamskipta á skrifstofu seðlabankastjóra, Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri fjármála- og efnahagsráðuneytisins, og Benedikt Árnason, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu. Þeir Guðmundur og Benedikt eiga jafnframt sæti í fimm manna stýrinefnd um losun hafta.



Lee C. Buchheit og Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri fjármála- og efnahagsráðuneytisins, voru meðal þeirra sem fóru til New York. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra, vildi ekkert tjá sig um fundahöldin eða mögulegt samkomulag við aflandskrónueigendur þegar eftir því var leitað og sagði að „málið væri bara í vinnslu“.

Fundirnir eru haldnir í kjölfar óformlegra samskipta sem hafa staðið yfir milli sjóðanna og stjórnvalda frá því undir árslok 2016.

Bandaríski lögmaðurinn Lee Buchheit, sem hefur veitt núverandi og fyrrverandi ríkisstjórn ráðgjöf við vinnu að áætlun um losun hafta, hefur verið milligönguaðili í þeim samskiptum. Sótti hann jafnframt þá fundi sem fulltrúar stjórnvalda áttu með bandarísku sjóðunum fjórum, eða aðeins hluti þeirra, hefðu sótt fundina með stjórnvöldum sem fram fóru í New York. **– hae / sjá Markaðinn**

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Ellert B. Schram skrifar um hagsmuni eldra fólks. 13

**SPORT** Freyr stillir upp ungu byrjunarliði í fyrsta leik kvennalandsliðsins í fótbolta á Algarvemótinu gegn Noregi. 16

**LÍFIÐ** Sjónvarpskokkurinn Jonas Lundgren ætlar að elda grænmetisrétti ofan í Íslendinga. 30

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

GLEÐILEGAN ÖSKUDAG
Finndu okkur á
PARTÝBÚÐIN
Faxafeni 11 • Sími 534 0534

## Veður




Í dag er útlit fyrir hæga austlæga eða breytilega átt á landinu og það verður áfram sólríkt. SJÁ SÍÐU 20



**Maðurinn hefur setið í gæsluvarðhaldi síðan 20. janúar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fluttur á Hólmsheiði

**LÖGREGLUMÁL** Maðurinn sem grunaður er um að hafa banað Birnu Brjánsdóttur var í gær fluttur í fangelsið á Hólmsheiði. Þar með lauk nærri sex vikna langri einangrunarvist mannsins, sem hófst með gæsluvarðhaldsúrskurði 20. janúar síðastliðinn.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í janúar, voru uppi áhyggjur hjá fangelsisyfirvöldum um velferð og öryggi gæsluvarðhaldsfanganna tveggja, sem þá dvöldu í einangrun. Afplánunarfangar á Litla-Hrauni voru sagðir hafa fylgst vel með fréttum af hvarfi Birnu Brjánsdóttur og handtöku skipverjanna. Í frétt blaðsins frá því í janúar segir að stemningin innan fangelsisins á Litla-Hrauni hafi bent til þess að ekki yrði hægt að vista manninn meðal annarra afplánunarfanga þar sem mikillar reiði gætti á meðal íslensku fanganna.

Heimildir Fréttablaðsins herma að sú staða hafi ekki breyst þrátt fyrir að nú sé lengri tími liðinn frá því að maðurinn var handtekinn. Fangelsismálayfirvöld hafi ekki þorað að taka áhættu með öryggi mannsins og því hafi hann verið vistaður á Hólmsheiði þar sem húsnæðið býður upp á frekari deildaskiptingu og öðruvísi eftirlit. **-snæ**

## Frostdinglar á húsþökum



**Stærðarinnar grýlukerti hanga nú fram af húsþökum á suðvesturhorninu eftir snjókomu helgarinnar. Sum þeirra stara inn um stofugluggana. Önnur hóta því hins vegar að hrynja fram af þakköntum. Hin þrettán ára gamla Hekla Fönn stóðst ekki mátið og reyndi að næla sér í eitt.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vilja færri af landsbyggðinni

**ALÞINGI** Sjö þingmenn Pírata hafa lagt fram lagafrumvarp um að fækka landsbyggðarþingmönnum um fimm. Markmið frumvarpsins er að jafna út misræmi í atkvæðavægi. Viktor Orri Valgarðsson er fyrsti flutningsmaður frumvarpsins.

Í frumvarpinu felst að þingmönnum Norðvesturkjördæmis fækkar úr átta í sex, þingmenn Norðausturkjördæmis verða átta í stað tíu og Suðurkjördæmi fær níu í stað tíu. Reykjavíkurkjördæmin tvö bæta við sig einu sæti, yrðu tólf í hvoru kjördæmi, en Kraginn fengi þrjá þingmenn til viðbótar. Yrðu þeir alls sextán. Í tillögunni felst einnig að jöfnunarþingmönnum yrði fækkað um einn. Kjördæmin þrjú á höfuðborgarsvæðinu fengju tvo jöfnunarþingmenn hvert og Suður- og Norðausturkjördæmi fengju eitt sæti hvort. Norðvestur fengi ekki jöfnunarmann.

Norðurpíratarnir Einar Brynjólfsson og Gunnar I. Guðmundsson eru ekki meðflutningsmenn. **– jóe**

# Tölvuleikjagerð kennd á nýrri námsbraut

**Keilir á Ásbrú vinnur að því að stofna nýja námsbraut í tölvuleikjagerð. Samþykkis menntamálaráðuneytisins er beðið og stendur ekki á neinu öðru. Áætlað að taka inn 60 nemendur í haust. Samstarf við erlenda háskóla í farvatninu.**

**MENNTAMÁL** Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, vinnur nú að stofnun nýrrar námsbrautar í gerð tölvuleikja, til viðbótar við það nám sem fyrir er í skólanum. Keilir hyggst taka inn 60 nýja nemendur í haust ef samþykki menntamálaráðuneytisins fæst.

Samtök leikjagerðarfyrirtækja á Íslandi, hópur sem er starfræktur innan Samtaka iðnaðarins, og tölvuleikjarisinn CCP hafa lýst yfir mikilli ánægju og stuðningi við hina nýju námsbraut og hefur forstjóri CCP lýst yfir áhuga á að sitja í fagráði brautarinnar.

Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóri Keilis, segir að með nýju námsbrautinni hyggist Keilir jafnframt innleiða nýja kennsluhætti til stúdentsprófs. Stuðst verður við góða reynslu af vendinámi – námi sem byggir á því að hefðbundinni kennslu er snúið við; fyrirlestrar og kynningar kennara eru vistaðar á netinu og nemendur geta horft og hlustað á kynningarnar eins oft og þeim hentar. Þá munu sjálfstæð vinnubrögð nemenda skipa háan sess í náminu, náin tengsl við atvinnulífið og samþætting námsgreina.

„Á heimsvísu veltir leikjagerðarmarkaðurinn milljörðum króna. Í umræðu um uppbyggingu atvinnulífs heyrast gjarnan þær raddir að efla þurfi þá þætti er tengjast sköpun, meðal annars með tilvísun í leikjagerð. Almennt eru flestir sammála því að skólakerfið sé ekki að sinna þessum þætti nægjanlega vel en Keilir hyggst með þessu bæta þar úr,“ segir Hjálmar sem getur ekki svarað því af hverju nám sem þetta hefur ekki þegar skotið rótum hérlendis. Tilefnið sé hins vegar ærið, og ekki seinna vænna að bæta þar úr.



**Tölvuleikjamarkaðurinn veltir stjarnfræðilegum upphæðum.** NORDICPHOTOS/AFP

> **Almennt eru flestir sammála því að skólakerfið sé ekki að sinna þessum þætti nægjanlega vel en Keilir hyggst með þessu bæta þar úr.**
>
> Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóri Keilis



Keilir hefur þegar gert samstarfssamning við danska leikjagarðinn Game Park Danmark, sem er skammt frá Árósum. Þar er starfræktur eini menntaskólinn í Danmörku þar sem boðið er upp á leikjagerð sem valgrein og aðaláherslu. Í skólanum er einnig boðið upp á nám á háskólastigi fyrir þá sem vilja í samstarfi við háskólann í Árósum og þar er einnig boðið upp á aðstöðu fyrir frumkvöðla á sviði leikjagerðar, en töluvert er um einyrkja og smærri aðila á þessu sviði.

Keilir hyggst koma upp slíkri aðstöðu á Ásbrú þar sem boðið verður upp á stúdentspróf með áherslu á leikjagerð, diplómanám eða BS-nám í leikjagerð, og þá í samstarfi við innlenda og/eða erlenda háskóla. Eins aðstöðu fyrir frumkvöðla í Eldey – tæknismiðju og frumkvöðlasetrinu á Ásbrú.

**svavar@frettabladid.is**




GAMMA GLOBAL INVEST:
Alþjóðleg eignadreifing í einum sjóði
GAMMA Global Invest er nýr sjóður sem er skráður í evrum og gerir almenningi kleift að fjárfesta erlendis. Sjóðurinn gerir fjárfestum kleift að sameina alþjóðlega eignadreifingu í einum sjóði.
Samstarf við öflugustu fjármála-fyrirtæki í heimi tryggir GAMMA Global Invest aðgang að fjölda fjárfestingarkosta sem skilar sér í hagkvæmri eignadreifingu, bæði á milli eignaflokka og landssvæða.
Almennt fylgir áhætta fjárfestingu í fjárfestingarsjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnað, aukist eða staðið í stað.
NÁNARI UPPLÝSINGAR / 519 3300 / GAMMA@GAMMA.IS / GAMMA.IS
GAMMA
REYKJAVÍK / LONDON
Fyrirvari: Umfjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með hlutdeildarskírteini. GAMMA: Global Invest er sjóðsdeild í Fjárfestingarsjóði GAMMA skv. lögum nr. 128/2011. Rekstrarfélag sjóðsins er GAMMA Capital Management hf. Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingar má finna í útboðslýsingu, reglum og lykilupplýsingum (KIID), sem nálgast má á vefsvæði GAMMA eða á skrifstofu félagsins og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér þessar upplýsingar nánar. Kaupum á hlutdeildarskírteinum sjóðsins fylgir nokkur hætta á verðsveiflum en áhættumælikvarðinn getur breyst án fyrirvara.

# Góð loðnuveiði á miðunum og hrognafylling komin yfir viðmið

**SJÁVARÚTVEGUR** Hrognataka er hafin hjá HB Granda en Venus NS kom með um tvö þúsund tonna afla til löndunar á Akranesi á mánudag sem þótti uppfylla skilyrði til þeirrar vinnslu.

Að sögn Gunnars Hermannssonar, verkstjóra hjá HB Granda, í viðtali á vef fyrirtækisins, var hrognafyllingin í loðnunni komin yfir viðmiðunarmörk til hrognaskurðar og -frystingar og þroskinn þótti einnig nægilega mikill til að hrognataka gæti hafist.

Að hans sögn fékk Venus aflann út af Þorlákshöfn og var hrognafyllingin komin í 24% og þroski hrognanna góður. Því var hafist handa við að skera hrogn til frystingar.

Jafnan er miðað við 23% hrognafyllingu eða meira þegar hrognaskurður og frysting á hrognum getur hafist, að sögn Gunnars. Japanskir kaupendur vilja helst að þroski hrognanna sé 80% eða meiri en Gunnar segir það einfaldlega ráðast af framboði og eftirspurn hvar kaupendur setji mörkin hverju sinni.

Reikna má með því að um helmingur loðnuaflans sé hrygna sem hentar til hrognaskurðar og frystingar á hrognum. Annar afli er flokkaður frá og fer til framleiðslu á fiskmjöli og lýsi auk afskurðarins. Um 50 manns starfa allan sólarhringinn í loðnuvinnslu HB Granda á Akranesi á meðan á vertíðinni stendur.

Allar fréttir af miðunum eru á sömu lund – afbragðs veiði heldur sér og mikið magn loðnu er á ferðinni. Reyndar berast fregnir af því að loðna hafi veiðst lengst inni á Norðfjarðarflóa fyrir austan á sama tíma og skipin voru í mokveiði fyrir sunnan land. **– shá**



**Góð veiði hefur verið á miðunum frá upphafi vertíðar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

# Kjarasamningar halda ef aðrar stéttir hækka ekki úr hófi

**Kjarasamningum SA og ASÍ verður ekki sagt upp þrátt fyrir að tvær af þremur forsendum hans séu brostnar. Formaður grunnskólakennara segist ekki bundinn af þessari yfirlýsingu enda semji félagið ekki við ASÍ og SA.**

**VINNUMARKAÐUR** Kjarasamningi SA og ASÍ verður ekki sagt upp að sinni þótt forsendur fyrir honum séu brostnar. Það er sameiginlegt mat aðila að heppilegra sé að bíða og sjá hvernig þróunin verður hjá öðrum stéttum á árinu en samningar margra stétta renna út á þessu ári.

Það er mat ASÍ og SA að tvær af þremur forsendum kjarasamningsins haldi en ein þeirra sé brostin. Hún snúist um launaþróun annarra hópa á samningstímanum. „Við viljum sýna smá yfirvegun á þessum tímapunkti. Samningurinn er uppsegjanlegur að ári liðnu en við vonum að rammasamkomulag frá árinu 2015 haldi. Nú er boltinn hjá ríki og sveitarfélögum,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ. „Varðandi kjararáð þá er það augljós krafa okkar að það rammasamkomulag sem skrifað var undir við hið opinbera eigi einnig við þá sjálfa.“

Þann 27. október 2015 gerðu ASÍ, BSRB, SA, ríkið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg rammasamkomulag um breytt og bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga og sameiginlega launastefnu til ársloka 2018. ASÍ og SA óska þess að menn standi við það samkomulag.

„Við gerum ekki kröfu um annað á þessari stundu en að aðilar rammasamkomulagsins frá 2015 standi við gefin loforð. Ef það er gert og launaþróun helst innan þess ramma sem lagt var upp með í upphafi fellur úr gildi uppsagnarákvæði samningsins og hann heldur út árið 2018,“ segir Halldór Benjamín Þorbergsson, formaður SA.

Ólafur Loftsson, formaður grunnskólakennara, segir ekki hægt að stilla grunnskólakennurum svona upp við vegg. Samninganefnd þeirra semji um laun óháð því hvað aðrar stéttir séu að gera. Þetta samkomulag hafi þannig ekkert að segja þegar grunnskólakennarar semja um sín laun. „Við erum ekki aðilar að rammasamkomulaginu frá 2015 og því hefur þetta ekki áhrif á okkar samningagerð,“ segir Ólafur. „Grunnskólakennarar semja um sín laun við samninganefnd sveitarfélaga án aðkomu ASÍ og SA.“

**sveinn@frettabladid.is**



**SALEK-samkomulaginu var bjargað fyrir horn, að sinni allavega, þegar forysta Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins skrifuðu undir samkomulag sem frestar endurskoðun kjarasamninga um ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Nú er boltinn hjá ríki og sveitarfélögum.**

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ



> **Við erum ekki aðilar að rammasamkomulaginu frá 2015 og því hefur þetta ekki áhrif á okkar samningagerð.**

Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara



## Beitt ofbeldi á flóttanum

**FLÓTTAMENN** Leiðin yfir Miðjarðarhafið frá Norður-Afríku til Evrópu er sú hættulegasta í heimi fyrir konur og börn, að því er segir í nýrri skýrslu UNICEF.

Þrjú af hverjum fjórum börnum sem rætt var við höfðu á einhverjum tímapunkti ferðalagsins orðið fyrir ofbeldi, áreitni eða yfirgangi af hálfu fullorðinna. Helmingur kvennanna og barnanna sagðist hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi á leiðinni – í mörgum tilfellum oft og á mismunandi stöðum.

Ríkisstjórnir heimsins og Evrópubandalagið eru hvött til að styðja og tileinka sér aðgerðaáætlun UNICEF vegna hörmunganna. **– ibs**

## Kostnaður við eftirlit nærri fjórfaldast

**STJÓRNSÝSLA** Kostnaður Seðlabanka Íslands vegna eftirlits hefur nærri fjórfaldast frá árinu 2010. Þá var hann 80,7 milljónir króna en var 313,7 milljónir króna í fyrra.

Þetta kemur fram í svari forsætisráðherra við fyrirspurn Óla Björns Kárasonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, um eftirlitsstofnanir og kostnað við rekstur þeirra.

Í svarinu kemur fram að þessar tölur sýni aðeins launakostnað, laun og launatengd gjöld, þeirra starfsmanna sem sinna eftirliti. Þá kemur einnig fram að árið 2010 var heildarfjöldi starfsmanna sem sinnti eftirliti 9,7 en í árslok 2016 stóð sú tala í 23,8.

Eftirlit Seðlabankans var að mestu leyti í tengslum við gjaldeyrishöftin. Þeim var að mestu aflétt um síðustu áramót. Gert er ráð fyrir að kostnaðurinn muni minnka til muna vegna þess. **– jóe**




SUZUKI

Way of Life!

# SUZUKI SWIFT

## VERÐ FRÁ AÐEINS KR. 2.090.000




FLOTTUR BÍLL Á FRÁBÆRU VERÐI

**Suzuki Swift** er meðal vinsælastu bíla á Íslandi undanfarin ár enda mjög sparneytinn og með einstaklega skemmtilega aksturseiginleka. Hann er fáanlegur beinskiptur, sjálfskiptur og einnig fjórhjóladrifinn beinskiptur.

Meðal staðalbúnaðar eru vönduð hljómtæki með sex hátölurum, USB tengi, ESP stöðugleikakerfi, sjö öryggisloftpúðar, hiti í sætum og loftkæling.

**Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is**

SUZUKI

**Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100**

# Rússar og Kínverjar komu í veg fyrir aðgerðir gegn Sýrlandi

**SÝRLAND** Rússland og Kína beittu neitunarvaldi í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna til að koma í veg fyrir samþykkt ályktunar um refsiaðgerðir gegn Sýrlandi. Aðgerðirnar höfðu verið lagðar til vegna notkunar sýrlenska hersins á efnavopnum í borgarastríði landsins.

Þetta er í sjöunda sinn sem Rússar beita neitunarvaldi á vettvangi Öryggisráðsins til að koma í veg fyrir aðgerðir gagnvart Sýrlandi. Kína hefur beitt neitunarvaldi sex sinnum í sambærilegum atkvæðagreiðslum.

Sýrlenska stjórnin samþykkti að eyða efnavopnum sínum árið 2013 í kjölfar samkomulags þess efnis við Bandaríkin og Rússland. Rannsókn á vegum Sameinuðu þjóðanna leiddi hins vegar í ljós að herinn hefði beitt klórgasi þrisvar á árunum 2014 og 2015. Því hafa stjórnvöld vísað alfarið á bug.

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu einnig í ljós að vígamenn Íslamska ríkisins hafa beitt sinnepsgasi í hernaði sínum.

Tillagan var lögð fram af Bretum og Frökkum. Samkvæmt henni var óheimilt að selja þyrlur til Sýrlands.

> **Níu meðlimir ráðsins greiddu tillögunni atkvæði sitt. Kína, Rússland og Bólivía greiddu atkvæði gegn henni.**

Þá voru lagðar til refsiaðgerðir sem beindust að ellefu sýrlenskum hershöfðingjum og tíu hersveitum sem tóku þátt í aðgerðunum.

Níu meðlimir ráðsins greiddu tillögunni atkvæði sitt. Kína, Rússland og Bólivía greiddu atkvæði gegn henni. Egyptaland, Kasakstan og Eþíópía sátu hjá við afgreiðslu málsins. Til að tillaga teljist samþykkt á vettvangi ráðsins þarf samþykki níu þjóða og enginn fastameðlima þess má beita neitunarvaldi.

Vladimír Pútín, forseti Rússlands, hafði gefið það út að refsiaðgerðir gegn Sýrlendingum væru „algerlega óviðeigandi“ og þær „myndu aðeins spilla trausti“ í yfirstandandi friðarviðræðum. – **jóe**




**Vladimir Safronkov, fulltrúi Rússlands í ráðinu, beitti neitunarvaldi fyrir hönd Rússa.** NORDICPHOTOS/GETTY







# Fordæmalaus aukning á útblæstri hér á landi

**Líklega eru fá eða engin dæmi um jafn mikla fyrirsjáanlega aukningu í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030 hjá öðrum þróuðum ríkjum og Íslandi, samkvæmt skýrslu umhverfisráðherra. Hver Íslendingur losar um 14 tonn af $CO_2$.**

**UMHVERFISMÁL** Losun gróðurhúsalofttegunda á hvern íbúa hér á landi er um 14 tonn af koldíoxíðsígildum en er 4,9 tonn á heimsvísu og 7,4 tonn að meðaltali í ríkjum Evrópusambandsins. Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu Bjartar Ólafsdóttur, umhverfis- og auðlindaráðherra, um stöðu og stefnu í loftslagsmálum sem lögð var fram á Alþingi í gær.

Þar kemur einnig fram að losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi hefur aukist um 26% frá 1990 til 2015 og var um 4,6 milljón tonn af $CO_2$-ígildum árið 2014. Á sama tíma hefur losun dregist saman um 24% samtals í 28 ríkjum ESB. Nýbirt spá í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands bendir til að losun hér á landi geti aukist um 53-99% til 2030. Sé tekið tillit til kolefnisbindingar með landgræðslu og skógrækt er aukningin 33-79%.

„Líklega eru fá eða engin dæmi um jafn mikla fyrirsjáanlega aukningu í losun til 2030 hjá öðrum þróuðum ríkjum,“ segir orðrétt í skýrslunni.

Samkvæmt skýrslu Bjartar verður erfitt fyrir Ísland að standa við Kýótóbókunina sem gildir frá 2013-2020. Slíkt mun verða kostnaðarsamt því stjórnvöld þurfa þá að kaupa losunarheimildir. Ímynd Íslands er brothætt að mati Bjartar því hætt er við að fáir líti til Íslands sem fyrirmyndar ef losun eykst meira hér en í flestum eða öllum þróuðum ríkjum til 2030. Ekki sé endalaust hægt að vísa til hitaveituvæðingar fortíðarinnar sem dæmis um framsækni Íslands í loftslagsmálum að mati hennar.

Ísland hefur fullgilt Parísarsamninginn og sent inn landsákvarðað framlag með markmið til 2030. Í því segir að Ísland ætli sér að taka þátt í samevrópsku markmiði um minnkun losunar um 40% til 2030 miðað við 1990. Fyrir Alþingi liggur nú þingsályktunartillaga um aðgerðaráætlun í orkuskiptum.

Með tillögunni er stefnt að því að Ísland verði framarlega í notkun á endurnýjanlegum orkugjöfum á öllum sviðum.

Stefnt er að því að hlutfall endurnýjanlegrar orku í samgöngum verði 10% árið 2020 og 40% árið 2030, en þetta hlutfall er nú um 6%.

**benediktboas@365.is**



**Stefnt er að því að hlutfall endurnýjanlegrar orku sem notuð er á innlendum fiskiskipum verði 10% árið 2030, en það er aðeins 0,1% í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

## Staðreyndir úr skýrslunni

**Stóriðja**
Losun frá stóriðju hér á landi – í áliðnaði, járnblendi og kísilmálmframleiðslu – fellur undir ETS-viðskiptakerfið skv. EES-samningnum. Þar fá fyrirtæki losunarheimildir úthlutaðar eða kaupa þær á markaði og þurfa að tryggja að losun sé innan þeirra heimilda. Ef losun er meiri þurfa fyrirtækin að kaupa heimildir, en ef þeim tekst að draga úr losun umfram kröfur geta þau selt heimildir. Í þessu kerfi eru yfir 10.000 fyrirtæki í Evrópu, sem eiga samtals að draga úr losun um 43% árið 2030 miðað við 1990.

**Framtíðarspá**
Í nýútkominni skýrslu Hagfræðistofnunar HÍ, sem kynnt var 13. febrúar, er sett fram spá um heildarlosun gróðurhúsalofttegunda til ársins 2030. Spáin byggir meðal annars á orku- og eldsneytisspá frá árinu 2016 og nokkrum sviðsmyndum um hugsanlega þróun stóriðju.

Notast var við þrjú tilvik, grunntilvik, miðtilvik og hátilvik.

Í grunntilvikinu var ekki gert ráð fyrir neinni uppbyggingu umfram þegar starfandi iðnað, þar með talda nýlega verksmiðju United Silicon í Helguvík, auk kísilvers PCC á Bakka.

Í miðspá er gert ráð fyrir að tvö kísilver til viðbótar hafi hafið framleiðslu árið 2020: kísilver Thorsil í Helguvík og kísilver Silicor Materials á Grundartanga.

Allar forsendur miðtilviksins eru einnig notaðar við háspá, en þar er einnig gert ráð fyrir að Rio Tinto Alcan ljúki fyrirætlaðri stækkun árið 2020, að Norðurál auki framleiðslu úr 300.000 tonnum í 360.000 tonn árið 2017 og tvær stækkanir verði hjá Alcoa Fjarðaáli.

Skýrsla Hagfræðistofnunar HÍ sýnir að heildarlosun gæti aukist um 50% ef mjög lítil viðbót verður við núverandi stóriðju. Samkvæmt spánni verður aukningin í losun að langmestu leyti vegna stóriðju.




Brimborg | Bíldshöfða 8 110 Reykjavík S. 515 7000 | Tryggvabraut 5 600 Akureyri S. 515 7050
mazda.is

# Má ekki rannsaka myglu í prestsbústað

**Deilt er innan þjóðkirkjunnar um eftirmál af því að sóknarpresturinn á Staðastað flúði staðinn með fárveikan son. Veikindin eru rakin til myglu í prestsbústaðnum. Kirkjan viðurkennir ekki að presturinn hafi þurft að flytja út á meðan á viðgerð hússins stóð í um hálft ár.**

**TRÚFÉLÖG** Páll Ágúst Ólafsson, sóknarprestur á Staðastað á Snæfellsnesi, sakar þjóðkirkjuna um óbilgirni gagnvart fjölskyldu sinni varðandi íbúðarhúsið á prestssetursjörðinni.

Páll Ágúst sigraði í prestskosningu 2013. Hann og kona hans, séra Karen Lind Ólafsdóttir, hafi þó ekki tekið við íbúðarhúsinu á Staðastað fyrr en síðsumars 2014. „Það var sagt við mig að þetta hús væri fyrsta flokks og í toppstandi,“ segir hann.

Annað hafi þó fljótlega komið á daginn. Silfurskottur hafi verið á kreiki og brúnar doppur birst víða um húsið. Upp úr áramótum hafi verið komið mjög þungt loft í húsið og þau prestshjónin hafi stöðugt verið að þrífa og lofta út. Asmi sonar þeirra, sem hafi verið þriggja mánaða er hjónin fluttu með þrjú börn sín á Staðastað, hafi ágerst og hann orðið stöðugt óværari.

### Sonurinn eins og andsetinn

„Hann var bara alla daga eins og hann væri andsetinn, blessaður strákurinn. Við þurftum að vera með hann stöðugt í fanginu og hann kastaði sér til,“ rifjar Páll Ágúst upp stöðuna á árinu 2015.

Eftir að hafa gengið milli lækna og prófað ýmis lyf hafi drengurinn verið lagður inn á barnaspítalann undir vor 2015. Þrátt fyrir ítarlegar skoðanir hafi ekkert fundist fyrir utan asmann.

„Læknarnir á spítalanum spurðu hvort við værum viss um að það væri í lagi með húsið sem við bjuggum í. Við fórum þá að átta okkur betur og betur á að það væri eitthvað að húsinu,“ segir Páll Ágúst. Hann segist þá hafa greint Kirkjumálasjóði frá að eitthvað hlyti að vera athugavert við húsið.

„Ég skrifaði kirkjunni bréf og sagði að það væri að myndast óeðlileg mygla sem við hefðum ekki undan að þrífa í burtu og að eitthvað yrði að gera. Þessu var ekki svarað.“

### Þúsundfætla gerir útslagið

Vísbendingarnar undu upp á sig. „Um haustið finn ég þúsundfætlu á einu baðherbergisgólfinu og þá rann upp fyrir mér að eitthvað mjög mikið væri að því að þúsundfætlur lifa ekki nema þar sem er gríðarlega mikill raki í timbri,“ segir Páll Ágúst sem sendi ljósmynd af dýrinu til höfuðstöðva þjóðkirkjunnar fyrir sunnan.

„Það var eins og þeir vöknuðu þá og þeir mættu tveimur vikum síðar með eftirlitsmann frá verkfræðistofunni Verkís. Hann kom með myglupruфumæli og rakamæli sem sagði að það væri allt að hundrað prósent raki á neðstu hæðinni. Mér skilst að eðlilegur raki í húsnæði eigi að vera tíu til þrjátíu prósent. Þú ert bara með sundlaug undir þér,“ sagði eftirlitsmaðurinn við mig,“ rekur presturinn.

### Húsið úrskurðað óíbúðarhæft

Á þessum tímapunkti kvaddi Páll Ágúst heilbrigðiseftirlitið á staðinn.

„Það fyrsta sem maðurinn sagði við mig var að fúkkalyktin í húsinu væri viðbjóður. Þið þurfið að koma ykkur héðan út strax, sagði hann við mig,“ segir presturinn. Nokkrum dögum síðar hafi verið komin skýrsla frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands þar sem sagði að húsnæðið væri heilsuspillandi og óíbúðarhæft.

Páll Ágúst segir Karen Lind hafa gengið með fjórða barn þeirra hjóna er þarna var komið sögu í október 2015 og hafi átt að eiga eftir tvo mánuði. Þau hafi flutt út og komið sér fyrir í Borgarnesi. Um leið og þau hafi flutt hafi syninum skánað stórlega þótt hann glími enn við gríðarlega mikinn asma.

„Við ætluðum ekki að vera með börn í húsnæði sem heilbrigðiseftirlitið segir að sé óíbúðarhæft og heilsuspillandi, hvað sem líður búsetuskyldunni,“ segir Páll Ágúst en sóknarprestsembættinu á Staðastað fylgir sú skylda að búa á staðnum.

Páll Ágúst kveðst hafa tilkynnt flutninginn til biskups og Kirkjumálasjóðs og óskað eftir viðræðum um framhaldið. „Þá var mér einfaldlega tilkynnt að ég hefði aldrei átt að hafa flutt þarna út og að það væru iðnaðarmenn á leiðinni. Þeir voru síðan að störfum í meira en hálft ár og kláruðu í raun ekki fyrr en síðasta sumar,“ segir hann.

Þannig segir Páll Ágúst að kirkjan neiti að viðurkenna mat heilbrigðiseftirlitsins. Í bréfi frá Biskupsstofu til prestsins frá í febrúar 2016 segir að það sé mat Biskupsstofu og ráðgjafa Verkís hf. að prestsfjölskyldan hafi ekki þurft að flytja út á meðan á viðgerðunum stóð. Þetta segir hann öldungis fráleitt mat. „Það er það sem mér þykir verst í málinu, að kirkjan þykist vita betur heldur en heilbrigðiseftirlitið.“

### Engin svör um endurbætur gefin

Tíu tonn af steypu voru að sögn Páls Ágústs brotin upp í kjallaranum. „Og allt þetta ryk og viðbjóður fór út um allt hús. Þessi tíu tonn af steypu voru geymd úti í bílskúr með restinni af búslóðinni minni. Þetta þýðir að útilegudótið og fullt af barnadóti sem við hjónin eigum er ónýtt,“ segir hann.

Kirkjan vildi að prestsfjölskyldan flytti að nýju á Staðastað í lok mars í fyrra en hjónin drógu í efa að með viðgerðunum hafi í raun verið komist fyrir vandann sem hafi verið mikil mygla. Þau hafi sýnt sérfræðingum frá verkfræðistofunni Eflu myndir af svörtum veggjum í húsinu. Bæði þau sjálf og Efla hafi sent kirkjunni spurningalista varðandi endurbæturnar.

„Kirkjan neitar að svara hverjir unnu verkið og hvernig var staðið að því. Og okkur er neitað um að taka prufur á eigin kostnað til að sannreyna að þarna sé allt í góðu lagi,“ segir Páll Ágúst sem kveðst á endanum hafa sest niður með Agnesi Sigurðardóttur biskupi í október síðastliðnum.

„Ég sýndi henni myndirnar af veggjunum. Þá sá hún svart á hvítu að þarna virtist maðkur í mysunni og ákvað að aflétta búsetuskyldu af staðnum,“ segir Páll Ágúst sem enn á óuppgerð mál við þjóðkirkjuna sem neiti að greiða honum sanngjarnar bætur. Því sé enn haldið fram að hann hafi aldrei þurft að flytja út, jafnvel þótt biskupsritari hafi sagt í fjölmiðlum í desember að ekki væri hafið yfir vafa að húsið væri í lagi.

### Vilja að presturinn skili þá jörðinni

„Það er í mínum huga fullnaðarviðurkenning á því að húsið hafi ekki verið í lagi þegar við tókum við því upphaflega, hafi ekki verið í lagi á meðan við vorum þar og sé ekki enn þá í lagi þrátt fyrir tugmilljóna króna framkvæmdir,“ segir Páll Ágúst.

Ekkert samkomulag er í augsýn. Á fundi Kirkjuráðs nú í febrúar var rætt um að presturinn skilaði jörðinni. Þá var lagt fram bréf lögmanns sóknarprestsins.

„Presturinn vill bætur vegna þess að það urðu tafir á afhendingu út af þessari myglu. Þar af leiðandi hafi hann haft kostnað af því að búa annars staðar á meðan, þetta er bara mál sem þarf að leysa,“ svarar Oddur Einarsson, framkvæmdastjóri Kirkjuráðs, aðspurður um hvað sé á seyði á Staðastað. „Hann var leystur undan því að búa á prestssetrinu og þar af leiðandi opnast það mál gagnvart Kirkjumálasjóði hvort hann situr jörðina áfram og hafi af henni arð,“ bætir hann við.

### Hlunnindi renni til hjálparstarfs

Páll Ágúst kveðst ósáttur við að Oddur hafi sagt í útvarpsviðtali fyrir ellefu dögum að það væru prestshjónin sem ekki vildu semja við kirkjuna og hefðu hafnað samningafundum. Þetta sé rangt. Þau hafi þó fengið gagntilboð.

„En forsendan í því tilboði var sú í fyrsta lagi að það hafi aldrei verið neitt að húsinu og í öðru lagi að við hefðum ekki þurft að flytja út. Og í þriðja lagi að afnám búsetuskyldu tengist ekkert ástandi hússins í dag,“ upplýsir Páll Ágúst. Að auki hafi verið boðnar bætur sem varla dygðu til að borga kostnað vegna breytinga á búsetu. Sjálfur hafi hann nú hins vegar boðið kirkjunni að halda eftir hugsanlegum greiðslum vegna jarðahlunninda og ráðstafa til Hjálparstarfs kirkjunnar og Barnaþorpa SOS.

### Ekki að féfletta kirkjuna

„Fólkið trúir kirkjunni og heldur að við höfum verið að reyna að flýja í burtu af því að við nennum ekki að hanga þarna. Þannig er myndin máluð gagnvart fólkinu fyrir vestan. En ég er ekki að reyna að féfletta kirkjuna eins og margir reyna að láta líta út fyrir,“ segir Páll Ágúst. Málið snúist um endurgreiðslu á kostnaði en fyrst og fremst það að þau fái að vita hvað var um að vera í húsinu á Staðastað. Greina þurfi hvaða tegundir af sveppum hafi komið upp svo hægt sé að skoða fjölskylduna með tilliti til þess.

„Ég veit bara hreint ekki hvaða hagsmuni er þarna verið að verja því það er algjörlega á hreinu að þarna er ekki verið að gæta að hag barnanna minna,“ segir presturinn. Læknar telji allt benda til að heilsuleysi sonar hans og kvilla fjölskyldunnar sé hægt að rekja til myglunnar. Vottorð séu til um það.

### Leikrit kirkjunnar bitnar á syninum

„Það vorum við Karen sem bjuggum í þessu húsi, það vorum við sem þurftum að horfa upp á strákinn okkar þjást, það vorum við sem þurftum að gefa honum sljóvgandi og svæfandi lyf á hverjum einasta degi og asmapúst til þess að koma honum í gegn um daginn,“ segir Páll Ágúst og kallar eftir því að kirkjan axli ábyrgð.

„Í mínum huga er stærsta málið það að kirkjan vilji ekki viðurkenna mat heilbrigðiseftirlitsins og noti verkfræðistofu til að skýla kirkjunni í því leikriti, sem er þyngra en tárum tekur því það er í raun strákurinn minn sem það bitnar á. En mikilvægast er að ljúka málinu á farsælan hátt svo að skapa megi sátt um þjónustu kirkjunnar í prestakallinu.“

gar@frettabladid.is



Hjónin séra Karen Lind Ólafsdóttir í Hjallakirkju og séra Páll Ágúst Ólafsson á Staðastað á heimili sínu í Borgarnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL



Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Innrimel 3, 301 Akranesi
kt. 550399-2299
Símar: 4312740, 4312750
heilbrigdiseftirlit@vesturland.is

Hvalfjarðarsveit 19. október 2015

Sr. Páll Ágúst Ólafsson
Staðastað, Snæfellsbæ
netf: pall.olafsson@kirkjan.is

*Heilbrigðiseftirlitið álítur að íbúðarhúsnæðið á Staðastað sé heilsuspillandi við núverandi aðstæður og ráðleggur íbúum að flytja úr húsnæðinu þar til viðgerð hefur farið fram sérstaklega vegna raka í kjallara og millibyggingu.*
*Þótt raki einn og sér þurfi ekki að valda veikindum er hætt á því að þeir sem haldnir eru öndunarfærasjúkdómum geti verið sérstaklega næmir fyrir raka í húsnæði og myglu sem oft fylgir honum.*

Gefinn frestur til 30. október n.k til að skila inn skriflegum athugasemdum við efni þessa bréfs.

Virðingarfyllst,

framkv.stj. heilbrigðiseftirlits

**Bréf Heilbrigðiseftirlits Vesturlands frá 2015.**

**Stöð 2** Fjallað verður um málið í fréttum Stöðvar 2 í kvöld.




# Til hamingju með bjórdaginn!

*Smakkaðu Pils Organic, Stout, Double Bock og Red IPA ísana hjá Valdísi í dag.*



*Humlarík blómaangan og biturleiki í jöfnum hlutföllum að bæverskri hefð.*



*Sérvalið hráefni skilar sér í kakói, kaffi og léttristuðu eftirbragði.*



*Sterkt bragð af humlum, keimur af greipaldin og sítrus, og sætt karamellubragð.*



*Bragðið er mjúkt og sætt með eftirbragði af karamellu og súkkulaði.*

---

*Víking brugghús fagnar 28 ára afmæli bjórsins á Íslandi með Mið-Íslandi á Ægisgarði, Eyjaslóð 5. 28 bjórtegundir, hamborgarar til sölu, góðgerðarhappdrætti og ókeypis inn.*

*Húsið opnað kl. 18:00, dagskrá hefst kl. 20:00.*

VÍKING BRUGGHÚS

Valdís




















Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, telur sig geta miðlað upplýsingum betur en hann hefur gert. NORDICPHOTOS/AFP

# Trump efast um tilvist heimildarmanna

**Bandaríkjaforseti segir fjölmiðla skálda fréttir sem komi sér illa fyrir hann. Þá gefur hann sér einkunnina C fyrir það hversu vel skilaboð hans komast til skila. Hins vegar fær hann A fyrir vinnusemi og A+ fyrir árangur.**

**BANDARÍKIN** „Ég held að stundum hafi þeir enga heimildarmenn. Ég held að mikill fjöldi heimildarmanna sé tilbúningur. Ég held að heimildarmennirnir séu skáldaðir. Þeir séu úr lausu lofti gripnir,“ sagði Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, í viðtali í sjónvarpsþættinum Fox and Friends sem sýndur var á fréttastöðinni Fox News í gær.

Trump hefur kljáðst við fjölmiðla undanfarin misseri, bæði á meðan á forsetaframboði hans stóð og nú eftir að hann tók við embætti forseta í janúar. Hefur hann meðal annars kallað fréttir CNN lygafréttir (e. fake news) áður en hann skipti um skoðun og kallaði þær þess í stað miklar lygafréttir (e. very fake news). Einnig hefur aðalráðgjafi hans, Steve Bannon, kallað fjölmiðla stjórnarandstöðuna þar í landi.

Snemma í febrúarmánuði birti The Washington Post frétt um að Mike Flynn, þáverandi öryggisráðgjafi Trumps, hefði átt samskipti við rússneska sendiherrann í Bandaríkjunum um mögulega afléttingu viðskiptaþvingana. Var sú frétt byggð á upplýsingum nafnlausra heimildarmanna í bandarískum öryggisstofnunum.

> Ég held að heimildarmennirnir séu skáldaðir. Þeir séu úr lausu lofti gripnir.
>
> Donald Trump, forseti Bandaríkjanna

Fjölmargir aðrir lekar úr bandaríska stjórnkerfinu hafa borist fjölmiðlum. Hefur Trump sjálfur sagt að upplýsingarnar séu raunverulegar en fréttirnar falskar.

Í síðustu viku var greint frá því að upplýsingafulltrúi Trumps, Sean Spicer, hefði fundað með tugum starfsmanna og skoðað síma þeirra og tölvur í því skyni að koma í veg fyrir meiri leka. Í viðtalinu við Fox and Friends sagðist Trump ósammála aðferð Spicers.

„Sean Spicer er góð manneskja. Hann er góður maður. Ég hefði samt gert þetta á annan hátt. Ég hefði gert þetta maður á mann,“ sagði Trump og bætti við: „Sean vinnur á sinn hátt og það er í lagi mín vegna.“

Þá sagðist forsetinn vera kominn með ágæta mynd af því hverjir hefðu verið að leka upplýsingum í fjölmiðla. „Við höfum fólk úr öðrum framboðum. Við höfum fólk fyrri ríkisstjórna.“

Aðspurður um árangur ríkisstjórnarinnar enn sem komið er sagðist Trump ánægður. Þó hefði getað tekist betur að miðla upplýsingum til almennings. „Og það er kannski mér sjálfum að kenna,“ sagði Trump. Hann gaf sér einkunnina C fyrir samskipti, A fyrir vinnusemi og A+ fyrir árangur.

Vísaði hann sérstaklega til innflytjendamála. „Við erum að ná þeim slæmu út. Slæma fólkinu, fólki í glæpagengjum, eiturlyfjabarónum og í sumum tilfellum morðingjum,“ sagði Trump.

„Ég er miklu harðari á því að ná slæmu gaurunum út,“ sagði Trump og bar sig saman við fyrirrennara sinn, Barack Obama. „Hann einbeitti sér mun minna að því.“

Trump hélt ræðu frammi fyrir báðum deildum Bandaríkjaþings í nótt. Fréttablaðið var farið í prentun þegar sú ræða hófst.

thorgnyr@frettabladid.is

# Vara við skorti í Jemen

**JEMEN** Alþjóðanefnd Rauða krossins segir að borgarastyrjöldin í Jemen hafi gert góðgerðarsamtökum nærri ómögulegt að flytja nauðsynjar til þeirra sem þurfa.

Bendir nefndin, sem og fleiri samtök, á höfnina í borginni Hudaydah við Rauðahaf. Hún hafi verið óaðgengileg og óörugg.

Þá hafi stjórnarher Jemena varpað sprengjum á höfnina í stríði sínu við Húta.

Sameinuðu þjóðirnar hafa reynt að vinna endurbætur á höfninni en án árangurs.

Robert Mardini, fulltrúi nefndarinnar í Mið-Austurlöndum, varaði við því að Jemenar reiði sig á höfnina til þess að flytja inn 90 prósent matvæla í landinu. Nú þurfi Jemenar hins vegar að ganga á uppsafnaðar birgðir og senn komi að því að þær verði uppurnar. – þea



Borgarastyrjöld hefur leikið Jemena grátt. NORDICPHOTOS/AFP

**90%**

**matvæla í landinu eru flutt inn í höfnina sem nú er sögð óaðgengileg og óörugg.**

# Milljarður tíma á YouTube

**TÆKNI** Mannkyn horfir nú á myndbönd á myndbandaveitunni YouTube í samtals einn milljarð klukkustunda dag hvern. Jafngildir það nærri átta og hálfri mínútu á mann. Þetta kemur fram í bloggfærslu YouTube sem birtist í gær.

„Leyfið okkur að setja þetta í samhengi. Ef þú myndir setjast niður og horfa á YouTube í milljarð klukkustunda myndi það taka þig meira en hundrað þúsund ár. Fyrir hundrað þúsund árum bjuggu forfeður okkar til verkfæri úr steinum og fluttust frá Afríku á meðan loðfílar ráfuðu um jörðina,“ segir í bloggfærslunni.

Þá segir að vöxt í áhorfi megi rekja til gervigreindar sem stingi upp á því hvaða myndband notendur ættu að horfa á næst. Sú tækni var kynnt til sögunnar árið 2012. Síðan þá hefur daglegt áhorf tífaldast. – þea



# VELDU ÞÉR LYKILVIKU




## Á ÓB.IS OG ÞÚ STYÐUR MOTTUMARS

**-13 KR.**
**Í HEILA VIKU**

**5 KR. TIL MOTTUMARS AÐ AUKI**

MOTTU MARS

Í mars geturðu valið þér heila viku þar sem þú færð 13 kr. afslátt af lítranum og 5 krónur af hverjum lítra renna auk þess til átaks Krabbameinsfélagsins. Njóttu ávinningsins og láttu gott af þér leiða!

**SKRÁNING Á OB.IS**

Ef þú átt ekki ÓB-lykil geturðu sótt um hann á ob.is eða á næstu Olís-stöð

**ÓB OG OLÍS**

Gildir fyrir lykil- og korthafa ÓB og Olís

ÓB

PIPAR\TBWA • SÍA

# Almennt stand



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það er fátt sem Íslendingar hafa lengur haft í hávegum en framkvæmdamenn, eða svokallaða dúera á mjög vondri íslensku. Dúerinn er karlmaður, af einhverjum ástæðum afar sjaldan kona, sem lætur ekkert stoppa sig heldur framkvæmir af krafti og býr til verðmæti eða réttara sagt peninga. Oft hefur framkvæmdagleðin reynst vel en hún hefur líka komið þjóðinni á kaldan klaka eins og dæmin frá efnahagshruninu sanna, þegar margur var sannfærður um að velgengnina ætti þjóðin að þakka útrásarvíkingunum. Þeir voru nefnilega dúerar sem framkvæmdu á meðan útlendingarnir voru bara eitthvað að hugsa málin. En svo fór sem fór, alveg umhugsunarlaust.

En það er nú verkurinn, eins og Björn í Brekkukoti hefði efalítið haft á orði um slíkan æðibunugang, að það hefur sína vankanta að framkvæma fyrst og hugsa svo. Það er þó ekki ætlunin að vera að agnúast út í dúerana sem slíka. Framkvæmdagleði og frumkraftur eru hverju samfélagi mikilvæg rétt eins og hugsunin. Hugsunin felur nefnilega líka í sér arðsemi og það meira að segja í víðasta skilningi þess orðs. Þetta vissi Jón Ólafsson frá Grunnavík sem skrifaði ritið Hagþenkir árið 1773. Hagþenkir fjallaði um „almennt stand á Íslandi“, lærdóm og bókiðnir. Eftir þessu handriti, sem var gefið út 1996, nefna höfundar fræðirita og kennslugagna félag sitt en í dag afhendir þetta góða félag viðurkenningu Hagþenkis fyrir árið sem leið.

Viðurkenning Hagþenkis hefur verið veitt árlega síðan 1987 og þegar tilnefningar ársins eru skoðaðar þá kemur það skemmtilega á óvart hversu mikið kemur út af fræðandi og vönduðu efni á þessu litla landi þrátt fyrir allt. Auk þess sem það er ástæða til að óska höfundunum öllum til hamingju með tilnefningarnar, þá er um leið umhugsunarefni fyrir okkur sem þjóð hvort við þurfum ekki að meta hagræn áhrif hugsunar miklum mun meira. Slík hugarfarsbreyting gæti án efa verið til góðs fyrir almennt stand á Íslandi þegar til lengri tíma er litið.

Íslenskt samfélag þarf að átta sig betur á því að menntun, vísindi, rannsóknir, fræðastarf og listir geta haft gríðarlega jákvæð áhrif á lífsafkomu landsmanna. Þessu er ekki síst beint til ráðamanna í ljósi þess hversu sparlega við fjárfestum í starfi háskóla og annarra mennta- og fræðastofnana í samanburði við okkar ágætu grannþjóðir. Það er auðvitað tilgangslaust að velta þessu yfir á eitt ráðuneyti eða að láta þetta snúast um fjárframlög til einnar menntastofnunar, vegna þess að þetta snýst um endurskoðað gildismat og að því þurfum við öll að koma.

Ágætt dæmi er að í dag snýst arðsemi á Íslandi mest um ferðaþjónustuna og satt best að segja sýnist manni að þar sé ekki allt framkvæmt af skynsemi og yfirvegun. Skyndigróðavon og skammtímahugsun gæti farið langt með að fara illa með vænlega atvinnugrein og náttúru landsins ef ekki er varlega farið. Þess vegna skulum við tileinka okkur að fara fram meira af forsjá en kappi og huga betur að almennu standi mennta, fræða, vísinda og lista á landinu.

**Slík hugarfarsbreyting gæti án efa verið til góðs fyrir almennt stand á Íslandi þegar til lengri tíma er litið.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Samtryggingin**

**Alþingi Íslendinga sér um sína. Í gær var tilkynnt að Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, fyrrverandi forseti Alþingis og fyrrverandi þingmaður Samfylkingarinnar, yrði formaður siðanefndar Alþingis. Nefndinni er ætlað að láta í ljós álit sitt á því hvort þingmaður hafi með hátterni sínu brotið gegn hátternisskyldum sínum og meginreglum um hátterni. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Alþingi úthlutar Ástu Ragnheiði verkefni eftir að hún lætur af þingmennsku. Árið 2014 var hún ráðin í starf framkvæmdastjóra 100 ára afmælishátíðar kosningaréttar kvenna. Hún var ráðin í starfið úr hópi 81 umsækjanda . Nú er bara að sjá hvort Alþingi geti úthlutað henni fleiri verkefnum.**

**Í óþökk Píratans**

**Ekki eru allir ánægðir með skipan Ástu Ragnheiðar í stöðuna. Siðapostulinn Birgitta Jónsdóttir bregst við tíðindunum með því að deila frétt á Facebook með stöðuuferslunni „Æjæj“ og vinkona hennar Margrét Tryggvadóttir hvetur hana til þess að taka málið upp á þingfundi. Margrét var heldur ekkert ánægð með ráðningu Ástu Ragnheiðar þegar kosningaafmælisins var minnst og dreifði sögusögnum af því að Ásta hefði fengið vilyrði fyrir starfinu áður en hún lét af þingmennsku.**

jonhakon@frettabladid.is

# Er nýtt debetkort lottóvinningur fjársvikarans?



Gísli B. Árnason
rannsóknarlögreglumaður

Bankinn minn Landsbankinn sendi mér á dögunum nýtt snertilaust debetkort sem á að leysa af hólmi eldri gerð debetkorta. Eftir að hafa kynnt mér virkni þessa nýja korts í samtali við starfsmenn Landsbankans og með því að lesa upplýsingar um það á heimasíðu Landsbankans, er augljóst að verið er að draga verulega úr því öryggi sem eldri debetkortin buðu upp á.

Þegar greitt var með eldri debetkortum Landsbankans þurfti korthafi að slá inn lykilnúmer upp á fjórar tölur til að færslan færi í gegn. Í því fólst visst öryggi sem kom í veg fyrir að aðrir en þeir sem vissu lykilnúmerið, gætu verslað út á kortið. Með þessum nýju kortum getur hver sem er greitt allt að kr. 5.000 í hverri færslu með því einungis að leggja kortið upp að posanum og færslan fer í gegn.

Af upplýsingum á heimasíðu Landsbankans um þessi nýju kort má ráða að ábyrgðin fyrir snertilausum úttektum sem sviknar eru út af þessu nýja debetkorti liggi hjá korthafanum. Þetta kort er því mikill happafengur, eiginlega lottóvinningur fyrir óprúttna aðila sem svífast einskis til að komast yfir peninga annarra. Í samtali við starfsmann Landsbankans spurði ég hann hvort ekki væri hægt að slökkva á þessum snertilausa möguleika því mér hugnaðist ekki að hægt væri að borga með kortinu án þess að slá inn lykilnúmerið. Svaraði hann að það væri ekki hægt.

Eftir að hafa sem rannsóknarlögreglumaður rannsakað fjölmörg sakamál er varða fjársvik út af glötuðum eða stolnum greiðslukortum tel ég nokkuð öruggt að með því að ekki þurfi lengur að slá inn lykilnúmer muni glæpir sem tengjast þessum nýju greiðslukortum aukast til muna. Þá hefur komið í ljós að með hverri færslu út af þessu nýja debetkorti þarf korthafinn að greiða 17 króna þjónustugjald til Landsbankans, sem er töluverð hækkun frá því sem var með eldri debetkortin. Ég hef því ákveðið að taka nýja debetkort Landsbankans ekki í notkun af þeirri einföldu ástæðu að öryggi þess er engan veginn nægjanlegt.

**Af upplýsingum á heimasíðu Landsbankans um þessi nýju kort má ráða að ábyrgðin fyrir snertilausum úttektum sem sviknar eru út af þessu nýja debetkorti liggi hjá korthafanum.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Í nafni samstöðu



Ellert B. Schram
formaður FEB

Þau tíðindi bárust frá Alþingi í síðustu viku, að mistök hefðu átt sér stað í texta lagafrumvarps um Almannatryggingar sem var samþykkt óbreytt en öðru vísi en til stóð. Afleiðingin er sú að ríkissjóður og TR eigi að greiða verulega hærri upphæð, a.m.k meðan þessi mistök eru ekki lagfærð.

Staðan hefur verið rædd við lögfræðinga, sérfræðinga og fulltrúa eldri borgara í Félagi FEB í Reykjavík og Landssambandsins. Ljóst er að það geti kostað ríkissjóð verulegar upphæðir ef þessi mistök verða ekki afturkölluð. Sem er aðgerð (afturköllunin) sem sennilega kemur ekki í veg fyrir skyldu hins opinbera til að fylgja og virða lög, sem afgreidd eru frá Alþingi.

Á fundi með velferðarnefnd Alþingis hafa talsmenn Félags eldri borgara ítrekað að frumvarpið og lögin í heild sinni feli í sér annmarka, sem skerða rétt eldri borgara með einum og öðrum hætti. Það er okkar vilji að frumvarpið og (lögin) skuli endurskoða og lagfæra um leið og mistök þingsins sjálfs eru leiðrétt.

Stjórn eldri borgara í Reykjavík gerir ekki kröfu um að lög, þar sem augljós mistök hafa átt sér stað, haldi gildi sínu. Við heimtum ekki að augljós mistök í vinnu við texta löggjafar standi áfram sem lög og skiljum það ástand sem það hefur í för með sér. En hér blasa við aðstæður, sem kalla á endurskoðun allrar lagasetningarinnar. Við viljum nota þetta tækifæri til að byggja brú yfir til stjórnvalda um varanlegan bata á hag þeirra eldri borgara sem búa við bágan efnahag og alltof lágar bætur frá hinu opinbera kerfi almannatrygginga. Varanlega lagfæringu. Ekki þá síst í því sem lýtur að frítekjumörkum og lágmarksgreiðslum.

**Snúum bökum saman**

Við erum öll saman í þessu samfélagi og það er skylda okkar að rétta út hjálparhönd til þess hóps, meðbræðra og jafnaldra sem búa við óboðleg kjör. Við viljum rétta fram hönd okkar og liðveislu og biðja um viðræður, samstarf og vilja til að skapa umhverfi og setja löggjöf, sem tekur á raunverulegum vanda og skýtur skjólshúsi yfir þá sem minnst eiga og mest þurfa á stuðningi að halda. Við köllum eftir heiðarlegri og opinskárri nálgun, beggja vegna borðsins, frá talsmönnum eldri borgara og ráðandi ráðherrum og þingmönnum. Ekki leggjast í leirslag og útúrsnúninga. Félag eldri borgara vill ekki notfæra sér mistök, sem kosta mikið, þar sem tjaldað er til einnar nætur. Ekki tala saman eins og viðmælandinn sé óvinur. Snúum bökum saman, við, talsmenn fullorðinna annars vegar og fulltrúar Alþingis og ríkisins hins vegar. Leitum leiða, finnum veginn til betra lífs, betri efri ár, betri samstöðu, sem byggist á heiðarleika og tillitssemi.

Hagsmuni eldra fólks verður að skoða af alvöru, því sá hópur stækkar stöðugt. Samfélagið erum við, fólk á öllum aldri. Við erum ein og sama fjölskyldan.

Burt með flokkapólitík, burt með togstreitu og vantrú. Horfumst í augu við mistök, sem allir geta gert og aukum samkennd og skilning á þeim vandamálum sem verða á vegi okkar. Leysum þau.

**Við heimtum ekki að augljós mistök í vinnu við texta löggjafar standi áfram sem lög og skiljum það ástand sem það hefur í för með sér. En hér blasa við aðstæður, sem kalla á endurskoðun allrar lagasetningarinnar.**

skattur.is

15
mars

Nú er framtalið þitt opið til staðfestingar

Skilafresti lýkur 15. mars

**Skilafrestur**
Almennur skilafrestur fyrir launamenn og einstaklinga með eigin atvinnurekstur er til 15. mars.
Unnt er að sækja um lengri frest á skattur.is og getur hann lengstur orðið til 20. mars.
Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda.

**Upplýsingar á framtali**
Áríðandi er að framteljandi athugi hvort áritaðar fjárhæðir og aðrar upplýsingar séu í samræmi við gögn og upplýsingar sem hann hefur sjálfur undir höndum. Athuga skal sérstaklega hvort einhverjar upplýsingar vanti inn á framtal, s.s. verktakagreiðslur.

**Auðkenning**
Unnt er að auðkenna sig með þrenns konar hætti, þ.e. með rafrænum skilríkjum í gsm síma, rafrænum skilríkjum á korti og með veflykli RSK.
Ríkisskattstjóri mælir með að rafræn skilríki séu notuð við auðkenningu.

**Símaþjónusta í 442-1414**
Í mars verður veitt aðstoð í síma 442-1414 alla virka daga frá kl. 9:30-15:30.
Afgreiðslur á Laugavegi og á Akureyri ásamt símaþjónustu í framtalsaðstoð verða sömuleiðis opnar laugardaginn 18. mars frá kl. 11-17 og til kl. 18 miðvikudaginn 15. mars og mánudaginn 20. mars.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI | rsk.is/hafa-samband | 442 1000 Þjónustuver 9:30-15:30 | STOFNUN ÁRSINS 2016



# Eru lífskjör betri með ódýrari fæðu?



Elín M. Stefánsdóttir
bóndi og stjórnarkona í Auðhumlu svf.

Mönnum verður tíðrætt um að ef tollar væru afnumdir þá gæfist landsmönnum kostur á ódýrari matvælum, en hvað þýðir ódýrari fæða?

Við sem stöndum að framleiðslu á matvælum sjáum að það þýðir oftar en ekki lakari aðbúnaður dýra, meiri lyfjagjöf til þeirra og minni raunverulegg næring í framleiddu matvælunum sem eru seld á lægra verði. Umhverfið nýtur heldur ekki góðs af þeirri framleiðslu enda oftast mikið álag á jarðveginn og á plönturnar og dýrin að vaxa hratt til að ná fram sem mestri hagkvæmni.

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna áætlar að ef horft er á alla virðiskeðjuna sé um þriðjungi allra matvæla sóað. Það byrjar á ræktun og vinnslu, heldur áfram í flutningum og endar á heimilum okkar, við hvert skref sóum við landi, vatni og orku sem nýtt hefur verið í framleiðsluna sem var svo ekki neytt.

**Hver er raunveruleikinn á Íslandi?**
Ísland ásamt Noregi notar langtum minna af sýklalyfjum við dýraeldi en þjóðir sunnar í Evrópu. Þá er óleyfilegt að nýta sýklalyf sem vaxtarhvata og ónæmar bakteríur (sem sýklalyf vinna ekki á) eru sjaldgæfar hér á landi. Á Íslandi er framleitt minna af kjöti, mjólk og grænmeti við óhagkvæmari aðstæður en fyrir það fáum við afurðir af dýrum sem búa ekki við jafn mikla lyfjagjöf og ræktunaraðferðir sem eru langtum betri.

Íslendingar eru neyslufrekasta þjóðin samkvæmt nýlegum vistsporsmælingum á heimsvísu. Á Íslandi erum við að kaupa inn of mikið af fæðu sem endar í ruslinu en Reykjavíkurborg hefur áætlað að það sé fyrir 150.000 kr. á ári á hverja fjölskyldu.

Bændum finnst stundum að þeir séu einhvers konar afætur á þjóðinni. En ég get fullyrt að íslenskir bændur vilja ekkert fremur en að framleiða heilnæm matvæli í sátt við þjóð og land. Við skiljum heldur ekki af hverju er verið að stilla upp hagsmunum bænda á móti hagsmunum neytenda. Við erum öll í sama bátnum.

**Hvað viljum við gera?**
Sé miðað við að hægt væri að draga úr sóun matvæla um 20% myndi það þýða 30 þúsund kr. sparnað á hverja fjölskyldu á ári. Þá eru ótalin þau tækifæri sem finnast við vinnslu matvæla áður en þau koma í verslunina. Sé framleitt innanlands gætum við einnig unnið áfram að því að draga úr kolefnisspori matvæla. Þá vinnum við náttúrunni gagn, spörum gjaldeyri fyrir þjóðfélagið og eyðum minna fé í mat í hverjum mánuði, saman.

Til lengri tíma nýtur enginn góðs af því að grafa undan heilnæmri matvælaframleiðslu á Íslandi.

# Faraldurinn fær líka frelsi



Guðmundur Ingi Þóroddsson
formaður Afstöðu, félags fanga á Íslandi

Vímuefnaneysla í fangelsinu Litla-Hrauni er með því mesta sem sést hefur, efnin eru verri en áður og afleiðingarnar fyrir fanga eftir því. Afstaða – félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun hefur um langa hríð reynt að vara fangelsismálayfirvöld við þeirri neikvæðu þróun sem fylgir baráttunni gegn neyslu vægari vímuefna. Það að reglulegt sé að fangar missi meðvitund vegna vímuefnaneyslu er skýrt merki um að baráttan sé að tapast. Vægari efnum hefur verið skipt út fyrir harðari, óþekktari og nær ávallt hættulegri efni.

Á dögunum fjallaði breska ríkisútvarpið, BBC, um ástandið í HMP Northumberland, ensku fangelsi, og vakti umfjöllunin eðlilega mikla athygli. Gegndarlaus vímuefnaneysla, ofbeldi og vanmáttugir fangaverðir vegna fámennis. Þrátt fyrir að ástandið sé einna verst á Bretlandseyjum ber að hafa í huga að um sömu vímuefni er að ræða og í íslenskum fangelsum, vegna sömu aðferðafræða fangelsisyfirvalda í báðum löndum. Má því búast við sömu afleiðingum.

Þegar íslensk fangelsismálayfirvöld hófu baráttu sína gegn vægum vímuefnum í fangelsum árið 2006 var neysla mest á kannabisefnum. Baráttan skilaði því vissulega að neysla kannabisefna minnkaði til mikilla muna en í stað þeirra hófu fangar að smygla öðrum efnum, þeim sem auðveldara er að koma inn í fangelsin og mælast ekki í þvagi – eða alla vega í styttri tíma. Á tiltölulega stuttum tíma jókst neysla harðari vímuefna, efna sem erfitt er fyrir fangelsismálayfirvöld að koma höndum yfir. Og dæmi eru um að fangar hafi látist af völdum þeirra.

**Faraldur á Litla-Hrauni**
Á undanförnum misserum hafa borist fregnir af ótímabærum andlátum vegna notkunar fentanýls og einhverjir jafnvel talað um faraldur. Sá faraldur hófst á Litla-Hrauni og er þetta fráleitt í fyrsta skipti sem misnotkun hættulegra efna hefst í fangelsum landsins og berst út fyrir veggi þeirra. Þetta skelfilega ferli er engu að síður sjaldan til umræðu, mögulega vegna þess að samfélagið er ekki tilbúið að viðurkenna það. Afstaða hefur engu að síður reynt hvað það getur til að vekja athygli á þessu vandamáli og bent á aðferðir sem fangelsismálayfirvöld í nágrannalöndum okkar hafa tileinkað sér til að sporna við nákvæmlega þessu. Með góðum árangri.

Nú þegar ný ríkisstjórn er tekin við taumunum, nýtt ráðuneyti á gömlum grunni tekið við fangelsismálum, telur Afstaða enn á ný rétt að benda á hið augljósa. Núllstefna gagnvart vægum vímuefnum í fangelsum leiðir til neyslu harðari og hættulegri efna sem á endanum leiðir til faraldurs í samfélaginu. Stefnan leiðir til óstjórnar í fangelsunum, ofbeldis og jafnvel andláta fanga. Síðar gerist það sama utan veggja fangelsanna.

**Skelfilegar afleiðingar**
Þessa dagana geisar faraldur á Litla-Hrauni. Hið stórhættulega Spice gengur kaupum og sölum eins og hver önnur nauðsynjavara með skelfilegum afleiðingum fyrir vímuefnaneytendur. Innan tveggja ára munum við sjá það sama gerast í samfélaginu, rétt eins og gerðist með Contalgin, Rítalín, Mogadon og jafnvel LSD.

Afstaða mælir ekki vímuefnum bót en hvetur til að forgangsraðað sé innan fangelsanna með hag allra í samfélaginu fyrir brjósti. Stjórnvöld hafa verið treg til að ræða þessi mál og hvetur Afstaða nýjan dómsmálaráðherra til að koma að borðinu. Jafnframt hvetur félagið þingmenn til að taka málið upp á Alþingi, því það þarf að ræða á breiðum grunni og Afstaða skorast ekki undan því að taka þátt í þeirri umræðu.

# Orð til sportveiðimanna og -kvenna



Guðmundur Valur Stefánsson
cand. scient. í sjávar- og fiskalíffræði

Ég er sportveiðimaður og á marga kunningja og vini sem eru það líka. Margir í þeim hópi hafa sagt mér að þeir hafi veitt eldislaxa í ýmsum frægum laxveiðiám um land allt og telja undantekningarlaust að um strokulaxa úr eldiskvíum hafi verið að ræða. Margir hafa tekið myndir af löxunum og sent þær ásamt hreistursýni til greiningar hjá Veiðimálastofnun sem nú er hluti Hafrannsóknastofnunar. Þegar ég hef spurt hver hafi orðið niðurstaða greininganna, þá kemur alltaf í ljós að viðkomandi hafi enn ekki borist niðurstaða. Menn gefa sér að „þögn sé sama og samþykki“ en svo er ekki í þessu tilviki.

**Mismunandi stofnar**
Til að útskýra málið er vert að benda lesendum á að hér á landi er starfrækt tvenns konar laxeldi. Annars vegar eru alin laxaseiði og sjógönguseiði af sk. Sagastofni sem nú er í umsjá og eigu Stofnfisks hf. Sagastofninn er afkomandi tveggja eldisstofna sem fluttir voru sem hrogn til landsins frá Noregi. Annars vegar var um að ræða stofn sem heitir Mowi sem ÍSNÓ í Kelduhverfi fékk 1984 og hins vegar stofninn Bolaks sem fór til Íslandslax í Grindavík í tveimur sendingum, 1986 og 1987. Hann er nú alinn í nokkrum landstöðvum áður en hann er settur í eldiskvíar á Vestfjörðum og sunnanverðum Austfjörðum til áframeldis. Megnið flytur Stofnfiskur þó út til áframeldis í öðrum löndum víða um heim.

Hins vegar eru líka alin laxaseiði og sjógönguseiði af íslenskum villtum stofnum í nokkrum landstöðvum til sleppingar í laxveiðiár um allt land sem veiðiréttareigendur standa fyrir og eiga. Fagfólk og þ.m.t. sportveiðifólk þekkir eldislax t.d. á því að á sumum þeirra eru uggarnir skertir og einnig sporður og tálknlok. Einstaka lax getur svo líka haft einkenni beinaskerðingar (krypplingseinkenni). Þetta á jafnt við um báða eldisstofnana. Þessi einkenni verða nánast alfarið til í landstöðvunum en sárin ágerast í mismunandi mæli eftir sleppingu í kvíar eða í á.

**Sýni ekki greind**
Vegna svara vina minna og kunningja í sportveiðinni og forvitni á að vita hvað hefði komið út úr greiningum Veiðimálastofnunar á hinum meintu strokulöxum fór ég og kannaði málið nánar með fyrirspurnum til stofnunarinnar. Fékk ég þau svör að ekki væri til fjármagn til að framkvæma allar greiningar sem stofnuninni bærust. Við nánari athugun kom í ljós að greind hafa verið sýni úr tveimur tilvikum, í báðum tilvikum vegna þess að sýnin og staðsetning veiðinnar gaf rökstuddan grun um að um eldislax væri að ræða úr kvíum. Var annars vegar um að ræða sleppilax úr slátrurkví í Norðfirði 2003/2004 og hins vegar í Patreksfirði 2013/2014 og var í báðum tilvikum um að ræða lax af Sagastofni.

Þrjár vel unnar skýrslur eru til um þessar tvær slysasleppingar sem unnar voru af sérfræðingum Veiðimálastofnunar. Málið varð strax að fréttaefni sem fór um alla fjölmiðla eins og eldur í sinu svo vart fór fram hjá nokkrum manni. Af öðrum sýnagreiningum segir fátt. Sem fagmaður á þessu sviði tel ég litlar líkur á því að sérfræðingar Veiðimálastofnunar þekki ekki muninn á þeim mismunandi laxastofnum sem hér eru ræktaðir. Vitað er að eldislaxar veiðiréttareigenda eru í þessum ám í miklum mæli og það ætti engum að koma á óvart að það veiðist einn og einn lax með einkennum eldislaxa í þessum ám.

> Það er mikilvægt að Hafrannsóknastofnun greini alla laxa sem veiðimenn hafa grun um að sé eldislax, óháð uppruna.

**Eldislax veiðiréttarhafa**
Það er mikilvægt að Hafrannsóknastofnun greini alla laxa sem veiðimenn hafa grun um að sé eldislax, óháð uppruna. Eldislax af Sagastofni hefur aldrei svo vitað sé veiðst í íslenskum ám utan Vestfjarða og sunnanverðra Austfjarða. Um það vitna opinberar upplýsingar. Að mínu mati er augljóst að þegar sportveiðimenn fullyrða að eldislax frá sjókvíafyrirtækjunum veiðist „í ám um allt land“ sé um að ræða eldislax frá sjálfum veiðiréttarhöfunum sem þeir sleppa í stórum stíl, beint í árnar. Það er mikilvægt að fjallað sé um þessi mál eins og þau eru í stað þess að leitast sífellt við að hengja bakara fyrir smið. Einhverra hluta vegna virðist það þó ekki forgangsmál að veita almenningi upplýsingar um eldislax veiðiréttarhafa í íslenskum laxveiðiánum.

# Baráttan um vinnuaflið



Ævar Rafn Hafþórsson
iðnaðarmaður og hagfræðingur

> Hærri laun í þessum löndum (til dæmis vegna meiri framleiðni) og strangara eftirlit með fagmenntun gerir það að verkum að besta vinnuaflið leitar þangað fyrst.

Frá hruni og út árið 2015 voru byggðar 5.018 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu. Árleg þörf til þess að mæta eftirspurn er um 1.800 íbúðir á ári sem gerir um 12.600 íbúðir á þessu tímabili. Taka verður þó þessum tölum með fyrirvara þar sem þörfin er orðin meiri í dag vegna ferðamannaiðnaðarins og einnig þar sem þörfin var eilítið minni á árunum fyrir hrun. En gróflega má áætla að uppsöfnuð þörf sé á bilinu 5.000 – 6.000 íbúðir. Á árunum 2009 – 2015 náðum við aldrei að framleiða yfir 1.000 íbúðir á ári. Metár í framleiðslu var árið 2006 þegar við náðum að framleiða 2.120 íbúðir. Þetta er vandinn í hnotskurn. Ef við myndum ná að framleiða 500 íbúðir umfram eftirspurn á ári til þess að ná framboðinu upp þá tæki þetta 10 ár!

Undirritaður beið spenntur eftir stefnu stjórnvalda í þessum málaflokki þegar nýr stjórnarsáttmáli var kynntur. En vonbrigðin létu ekki á sér standa því þar var ekki minnst einu orði á þetta vandamál. Undirritaður gerir sér vonir um að blöðin í prentarann hafi verið búin og því vanti síðustu blaðsíðuna í sáttmálann. Eru stjórnvöld virkilega ekki með hugann við þetta vandamál? Ef allt fer á versta veg þá stefnir í spekileka ungs fólks úr landinu.

Þessi atvinnugrein sem kallast byggingariðnaður þarf á langtímastefnumótun að halda. Í meistararitgerð minni í hagfræði kom fram að framleiðni hérlendis er um helmingi minni en í Noregi. Fyrir því eru margar ástæður sem þarfnast frekari greiningar. En við höfum sofið á verðinum hvað þetta varðar þrátt fyrir að öll gögn segðu til í hvað stefndi. Þó eru ekki til neinar skammtímalausnir á þessu vandamáli. Ástæðan er skortur á vinnuafli. Margir kalla eftir auknu lóðaframboði en það er til lítils ef það er ekki til vinnuafl til þess að byggja á þessum lóðum. Sumir vilja að ríki og sveitarfélög fari sjálf í það að byggja en þá færu þau í samkeppni við einkageirann um vinnuaflið. Þetta kallast ruðningsáhrif.

**Lendum undir í baráttunni**
Við erum hluti af EES sem gerir okkur kleift að sækja vinnuafl (og aðra framleiðsluþætti) á evrusvæðið til þess að mæta aukinni þörf eftir vinnuafli á byggingamarkaði. En vandinn er að við erum í samkeppni við aðrar þjóðir um þessa framleiðsluþætti. Þegar það er uppsveifla í Póllandi og skortur á íbúðum er orðinn víða í Norður-Evrópu eins og í Noregi, þá lendum við undir í þessari baráttu. Hærri laun í þessum löndum (til dæmis vegna meiri framleiðni) og strangara eftirlit með fagmenntun gerir það að verkum að besta vinnuaflið leitar þangað fyrst.

Í gegnum starfsmannaleigur hafa verktakar í örvæntingu leitað til þeirra til þess að manna vinnustaðina. En oft gerist það að þetta vinnuafl fullnægir ekki kröfum um fagmenntun eða reynslu og er því sent aftur til síns heima. Við þurfum meiri endurnýjun á innlendu vinnuafli til þess að mæta þörfum framtíðarinnar. Það tekur nefnilega tíma að ná hæfni og læra á skipulag í verklegum greinum. Meðhöndlun verkfæra er bara æfing sem skapar meistarann. Því er það von undirritaðs að farið verði í langtímastefnumótun á þessu sviði því annars mun þetta endurtaka sig aftur og aftur.

Einnig hafa heyrst raddir um að lóðaverð sé að blása upp húsnæðisverð. Miðað við hvernig markaðurinn er núna með þennan mikla skort er líklegra að lækkun lóðaverðs lendi í vösum verktaka. Hins vegar er fjármagnskostnaður allt of hár sem tefur uppbygginguna eigin fjár. Í framtíðinni þegar kaupverð fer að nálgast byggingakostnað og jafnvel undir byggingakostnað er mikilvægt að sveitarfélög lækki lóðaverð til þess að búa til hvata fyrir verktaka til að halda áfram framleiðslu á íbúðum. Í dag hins vegar er mikið um yfirboð þannig að lækkun lóðaverðs myndi ekki skila sér til kaupenda íbúða. Markaðurinn sér um að ákveða verðið.


LYNX ski-doo can-am BRP
VETURINN ER KOMINN!
OUTLANDER
MAX 450
1.790.000.KR
LYNX BOONDOCKER
RE3700 800 E-TEC
2.990.000.KR
AUKAHLUTIR
AÐ ANDVIRÐI 200.000.KR
FYLGIR HVERJU KEYPTU
TÆKI Í MARS!
OUTLANDER
MAX PRO T3 650
2.290.000.KR
SKI DOO SUMMIT
X 850 E-TEC
2.950.000.KR
OUTLANDER
MAX XT-P 1000
VERÐ 3.190.000.KR
ELLINGSEN
FISKISLÓÐ 1
REYKJAVÍK
580-8500
SÍÐAN 1916
ELLINGSEN.IS
TRYGGVABRAUT 1-3
AKUREYRI
580-8550

## Á fleygiferð á heimsmeistaramótinu í Finnlandi



**Fyrsta heimsmeistaramótið að baki** Elsa Guðrún Jónsdóttir lauk í gær keppni á sínu fyrsta heimsmeistaramóti en hún varð þá í 67. sæti í 10 km göngu með hefðbundinni aðferð í Lahti í Finnlandi. Elsa hafði áður náði 49. sæti í skiptigöngu og unnið í undankeppninni en hún sést hér á fleygiferð í brautinni. Snorri Einarsson keppir í dag í 15 km göngu með hefðbundinni aðferð sem er síðasta ganga Íslendinga á HM. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Tækifærin verða í boði á Algarve – og engar afsakanir

**Freyr Alexandersson stillir upp ungu byrjunarliði í fyrsta leik íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta á Algarve-mótinu á móti Noregi í dag. Dyr eru opnar í byrjunarliðið og nú er leikmanna að grípa gæsina.**

**FÓTBOLTI** Stelpurnar okkar í kvennalandsliðinu í fótbolta hefja leik á Algarve-mótinu í dag en fyrsti mótherjinn er firnasterkt lið Noregs. Noregur er í ellefta sæti heimslistans, níu sætum fyrir ofan Ísland, og hefur verið stórveldi í Evrópu um margra ára skeið.

Hinir leikirnir tveir í riðlakeppninni eru á móti Japan, sem spilaði til úrslita á HM í Kanada fyrir tveimur árum, og svo Spánn sem er eitt besta spilandi lið Evrópu. Algarve-mótið er einn stærsti liður stelpnanna í undirbúningi fyrir EM 2017 í Hollandi í sumar en nú styttist með hverjum degi í stóru stundina.

### Mismunandi hlutverk

„Það er ýmislegt sem við viljum fá fram núna á þessu móti. Það er þröngt spilað á fáum dögum og margir topp leikir. Við munum, eins og áður, rúlla á liðinu og ég mun setja leikmenn í mismunandi hlutverk. Ekki endilega mismunandi leikstöður heldur fá mismunandi ábyrgð og er spenntur að sjá hvernig leikmenn bregðast við því að fá stærra hlutverk en áður," segir Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari.

Stelpurnar prófuðu sig áfram með 3-5-2 leikkerfið á móti í Kína í vetur og það verður einnig notað núna.

„Þetta leikkerfi gekk vel þar að mörgu leyti á meðan við höfðum orku í það. Það var rakt loft í Kína og mér fannst liðið þreytt á þessum tíma. Það hélt vel á meðan við vorum með ferska fætur. Ég mun prófa það aftur og mun, eftir að hafa greint leikina, breyta tæknilegum útfærslum. Við munum prófa það á móti Japan þannig að það verður spennandi að sjá hvort við förum lengra með það eða látum staðar numið eftir Algarve," segir Freyr.

### Nú er að grípa gæsina

Byrjunarlið Íslands var mjög fastmótað í undankeppni EM í Hollandi og virtust engar dyr standa opnar fyrir stelpurnar sem biðu þolinmóðar en hungraðar á varamannabekknum. Nú eru aftur á móti skörð höggvin í liðið vegna meiðsla Dagnýjar Brynjarsdóttur (sem eru ekki alvarleg), Margrétar Láru Viðarsdóttur (var í aðgerð) og Hólmfríðar Magnúsdóttur sem er fótbrotin.

„Þarna eru þrjár stöður strax sem hægt er að berjast um. Auðvitað er Margrét á löppum og vonandi nær hún fullum styrk. Harpa Þorsteinsdóttir átti svo barn fyrir sólarhring þannig hún gæti orðið klár. Hinar stelpurnar geta gripið gæsina. Þær fá tækifæri til þess. Það eru mörg teikn á lofti um að leikmenn ætli sér að grípa gæsina. Ég sé það alveg á æfingum og á leikjunum sem þær hafa verið að spila heima," segir Freyr, en hefur hann verið að predika fyrir leikmönnum að nýta ferðina til að koma sér í liðið?

„Ég held ég þurfi ekki beint að segja það. Stelpurnar eru klárar."

### Byrjunarlið Íslands á móti Noregi




### Engar afsakanir

Aðeins þrír leikmenn úr „hefðbundnu" byrjunarliði Íslands undanfarin misseri byrja leikinn í dag. Ungar stelpur og aðrar sem hafa beðið eftir tækifæri til að fá að láta ljós sitt skína.

> Margar af þessum stelpum komu vel út í mælingum í vetur og ég hlakka til að sjá þær gegn alvöru liði.
>
> Freyr Alexandersson, landsliðsþjálfari

„Þetta er ungt og ferskt lið. Það er ekki óreynt en reynslan er ekki mikil. Margar af þessum stelpum komu vel út í mælingum í vetur og ég hlakka til að sjá þær gegn alvöru liði. Það besta við þetta Algarvemót er að fá þessa alvöru leiki. Ég fæ núna tækifæri til að gefa þessum stelpum sénsinn gegn sterkum mótherja og fæ svör við mínum spurningum. Það verða engar afsakanir," segir Freyr sem gefur til dæmis Eyjastúlkunni Sigríði Láru Garðarsdóttur tækifæri í stað Dagnýjar Brynjarsdóttur.

„Mig langar að sjá hvort hún geti fyllt í skarð Dagnýjar er varðar líkamlega þáttinn og föstu leikatriðin. Hún er á svona þriggja manna sláttuvélamiðju hjá mér sem mig langar að prófa gegn jafn líkamlega sterkum andstæðingi og Noregi. Sara verður fyrir aftan en Gunnhildur færist aðeins framar og tekur hlaupin inn á teiginn sem Dagný hefur vanalega gert. Það verður gaman að sjá hvernig stelpurnar nýta þetta tækifæri," segir Freyr Alexandersson. tomas@365.is

FRÁBÆR VIKA HJÁ ELVARI



Elvar Már Friðriksson var valinn besti varnarmaður vikunnar í Sunshine State deildinni í bandaríska háskólakörfuboltanum en hann fór á kostum í tveimur sigurleikjum Barry-háskólans. Það er athyglisvert að hann fær verðlaun fyrir besta varnarleikinn því ekki er hægt að kvarta mikið yfir sóknarleiknum hans en Elvar var með 32 stig og 9,5 stoðsendingar að meðaltali í leikjum vikunnar.

SÍÐASTI SJENS FYRIR LIÐIN TIL AÐ NÁ STJÖRNUKONUM



Heil umferð fer fram í Domino's-deild kvenna í kvöld en eftir hana verða bara fjórar umferð eftir í deildinni. Línurnar gætu farið að skýrast í baráttunni um fjórða og síðasta sætið í úrslitakeppninni. Stjarnan hefur þar fjögurra stiga forystu á Val og sex stiga forystu á Njarðvík en á eftir að mæta báðum liðum. Stjarnan heimsækir Njarðvík í kvöld og með sigri yrði það endanlega ljóst að Njarðvík gæti ekki náð fjórða sætinu af Stjörnunni. Á sama tíma tekur Valur á móti toppliði Snæfells. Vinni Snæfell þann leik myndu Stjörnukonur ná sex stiga forskoti á Val með sigri í Njarðvík þegar aðeins átta stig væru eftir í pottinum.

VALSMENN TIL SERBÍU



Serbneskt lið stendur í vegi fyrir bikarmeisturum Valsmanna ætli þeir sér að komast í undanúrslit Áskorendabikars Evrópu. Hlíðarendaliðið dróst á móti Sloga Pozega í átta liða úrslitum. Leikirnir fara fram 25. eða 26. mars og 1. eða 2. apríl næstkomandi. Það var einnig dregið í undanúrslitin en takist Val að slá Serbana úr keppni þá mæta þeir AHC Potaissa Turda frá Rúmeníu eða HB Dudelange frá Lúxemborg.

JAFNA ÞÆR MET SKALLAGRÍMS?

Topplið Snæfells heimsækir Val á Hlíðarenda í Domino's-deild kvenna í kvöld í beinni á Stöð 2 Sport 2. Snæfellskonur hafa unnið átta deildarleiki í röð eða alla leiki sína frá því að þær höfu nýtt ár með því að tapa tveimur fyrstu leikjunum. Með sigri í kvöld myndi Snæfellsliðið jafna met Skallagríms yfir flesta sigurleiki í röð á tímabilinu en Skallagrímur vann níu deildarleiki í röð frá 11. desember til 15. febrúar. Með sigri í kvöld myndi Snæfellsliðið jafna met Skallagríms yfir flesta sigurleiki í röð á tímabilinu en Skallagrímur vann níu deildarleiki í röð frá 11. desember til 15. febrúar.



### Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.25 | Barcelona - Sport | Sport |
| 19.05 | Valur - Snæfell | Sport 2 |
| 19.35 | Man. City - Huddersf. | Sport 3 |
| 20.25 | Real Madrid - Las Pal. | Sport |

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 1. mars 2017 | 8. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL










# Funda með vogunarsjóðum í New York

Fulltrúar stjórnvalda héldu til New York á sunnudag til að eiga fundi með sjóðum sem eiga 150 milljarða í aflandskrónum. Reyna að ná samkomulagi sem myndi hleypa eignum þeirra úr landi. Útboðsgengið yrði mun hagstæðara en þeim stóð til boða í fyrra.

»4



»4

## Vildi ekki selja hlut í Ölgerðinni

Stór hluthafi í Ölgerðinni fór í október fram á að Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu legði lögbann á sölu á 45 prósenta hlut í fyrirtækinu.

»2

## Borga fyrir Arion með ríkisbréfum

Íslenskir lífeyrissjóðir sem hyggjast kaupa samanlagt um 20 til 25 prósent í Arion banka áforma að greiða að stærstum hluta fyrir eignarhlutinn með ríkisbréfum í þeirra eigu.

»2

## Seldi hlut sinn í Jamie's Italian

Guðfinnur Sölvi Karlsson, betur þekktur sem Finni á Prikinu, hefur selt eignarhlut sinn í veitingastaðnum Jamie's Italian sem verður opnaður á Hótel Borg í lok maí.




# Einar Örn býður sig fram í stjórn TM

Einar Örn Ólafsson, fyrrverandi forstjóri Skeljungs, hyggst bjóða sig fram í stjórn TM á aðalfundi félagsins þann 16. mars. Þetta staðfestir hann í samtali við Markaðinn.

Fjárfestingarfélagið Einir ehf., í eigu Einars Arnar, er í hópi tíu stærstu hluthafa tryggingafélagsins. Á meðal annarra stórra hluthafa sem standa að baki framboði hans má nefna eignarhaldsfélagið Helgafell ehf., í eigu Bjargar Fenger, eiginkonu Jóns Sigurðssonar stjórnarmanns í N1, og fjölskyldu hennar.

Einir og Helgafell eiga samanlagt um níu prósenta hlut í TM. Félögin voru ekki hluthafar í tryggingafélaginu þegar síðasti aðalfundur þess var haldinn 17. mars í fyrra. Einir á 2,76 prósenta hlut í fyrirtækinu og er því tíundi stærsti hluthafinn. Helgafell heldur á 6,34 prósentum, er sjötti stærsti eigandinn, en Jón Sigurðsson stýrir fjárfestingum félagsins.

Einar Örn byrjaði að kaupa bréf í TM í byrjun síðasta haust. Lífeyrissjóður verslunarmanna er stærsti eigandi TM með 9,6 prósenta hlut. Gildi lífeyrissjóður og hlutabréfasjóður í rekstri sjóðastýringarfyrirtækisins Stefnis koma þar á eftir með 8,7 og 8,1 prósent. Birta lífeyrissjóður á 7,6 prósent í fyrirtækinu sem er skráð á Aðallista Kauphallar Íslands. Einir og Helgafell eru því stærstu einkafjárfestarnir í hluthafahópi TM.

Stjórn tryggingafélagsins er í dag skipuð fimm aðalmönnum og er Örvar Kærnested, sjálfstætt starfandi fjárfestir, stjórnarformaður þess. TM skilaði 2,6 milljarða króna hagnaði í fyrra samanborið við 2,8 milljarða árið 2015. **– hae**



Einar Örn Ólafsson, fjárfestir og fyrrverandi forstjóri Skeljungs

MARKAÐURINN
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301
Ritstjóri Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is



Útboð á þeim hlut sem eftir verður í eigu Kaupþings, um 30-40%, verður í fyrsta lagi í maí eða júní. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Lífeyrissjóðir borga fyrir Arion með ríkisbréfum

**Fá að greiða fyrir áformuð kaup sín á hlut í Arion banka með íslenskum ríkisskuldabréfum sem eru í eigu lífeyrissjóðanna. Þurfa því ekki að selja skráð hlutabréf eða ráðstafa stórum hluta af hreinu innflæði til að fjármagna kaupin.**

Íslenskir lífeyrissjóðir sem hyggjast kaupa samanlagt um 20 til 25 prósent í Arion banka áforma að greiða að stærstum hluta fyrir eignarhlutinn með ríkisbréfum í þeirra eigu. Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur Kaupþing, sem er að ganga frá sölu á Arion banka í lokuðu útboði, samþykkt að lífeyrissjóðirnir geti framselt til félagsins íslensk ríkisskuldabréf sem greiðslu fyrir kaupum þeirra á hlut í bankanum. Þetta þýðir að lífeyrissjóðirnir munu því ekki þurfa að selja skráð hlutabréf eða ráðstafa hluta af árlegu hreinu innflæði sínu til að fjármagna kaupin í Arion banka.

Greint var frá því í forsíðufrétt Fréttablaðsins fyrir viku að Kaupþing væri nú á lokametrunum með að selja 40 til 50 prósenta hlut í Arion banka til bandarískra fjárfestingarsjóða og íslenskra lífeyrissjóða. Kaupverðið mun nema á bilinu 70 til 90 milljörðum íslenskra króna, eða sem jafngildir genginu rúmlega 0,8 miðað við bókfært eigið fé Arion banka. Söluandvirðið færi í að gera upp 84 milljarða veðskuldabréf sem Kaupþing gaf út til íslenska ríkisins í ársbyrjun 2016.

**45**

**milljarðar er sú fjárhæð sem lífeyrissjóðirnir myndu samanlagt greiða fyrir 25 prósenta hlut í Arion banka.**

Áformað er að fjórir bandarískir fjárfestingarsjóðir kaupi allt að 25 prósenta hlut í bankanum en að minnsta kosti tveir þessara sjóða – Taconic Capital og Och-Ziff Capital – eru jafnframt á meðal kröfuhafa Kaupþings. Enginn þeirra verður með meira en 10 prósenta hlut í Arion banka. Seðlabankinn samþykkti í lok síðustu viku beiðni sjóðanna um undanþágu frá höftum vegna útgáfu afleiðusamninga til að verja sig gagnvart gengisþróun krónunnar í tengslum við fyrirhuguð kaup í bankanum.

Gert er ráð fyrir því að þrír af fjórum stærstu lífeyrissjóðum landsins – Lífeyrissjóður verslunarmanna, Gildi lífeyrissjóður og Birta – muni meðal annars standa að baki þeim hópi lífeyrissjóða sem hyggst kaupa hlut í bankanum í lokuðu útboði. Á þessari stundu liggur þó ekkert fyrir um endanlegan fjölda þeirra sjóða sem hyggjast fjárfesta í bankanum, þar sem slíkar tillögur hafa enn ekki verið lagðar fyrir stjórnir lífeyrissjóðanna. Ef sjóðirnir kaupa samtals um 25 prósent í Arion banka munu þeir greiða samanlagt um 45 milljarða fyrir þann hlut.

Kaupsamningar við bandarísku sjóðina og lífeyrissjóðina eru mjög langt komnir og gætu viðskiptin klárast fljótlega í þessum mánuði, mögulega strax í næstu viku, samkvæmt heimildum Markaðarins. Á meðal fyrirvara sem enn á eftir að ganga frá í samningunum er tímalengd á þeim söluhömlum sem verða á hlutnum sem sjóðirnir munu kaupa í Arion banka. **hordur@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ
HAFÐU ÞAÐ NOTALEGT
Í FRÉTTABLAÐINU
Um 55% íbúa á höfuðborgarsvæðinu lesa Fréttablaðið daglega.*
Rúmlega 85.000 manns á höfuðborgarsvæðinu lesa Fréttablaðið daglega.*



Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað.
Kannaðu dreifileiðir í síma 5125448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is
Heimild: *Skv. Blaðakönnun Gallup, okt.-des. 2016.

# Seldi sinn hlut í Jamie's Italian

Guðfinnur Sölvi Karlsson, betur þekktur sem Finni á Prikinu, hefur selt eignarhlut sinn í veitingastaðnum Jamie's Italian sem verður opnaður á Hótel Borg í lok maí. Finni og Jón Haukur Baldvinsson voru áður einu eigendur ítalska veitingastaðarins en nú hafa Sigurgísli Bjarnason og Stefán Melsted, hluthafar í veitingastöðunum Snaps og Jómfrúnni, og áðurnefndur Jón, keypt Finna út.

„Við hjónin erum að eignast okkar fimmta barn. Þetta snýst því um að vera ekki að búa til enn eitt veitingahúsið þegar það er annað barn á leiðinni,“ segir Finni.

Sigurgísli staðfestir í samtali við Markaðinn að hann og Stefán muni koma að rekstri Jamie's Italian. Eigendaskiptin séu aftur á móti ekki að fullu frágengin og því geti hann ekki svarað því hversu stóran hlut þeir félagar muni eiga. Vill Sigurgísli ekki svara því hvort Birgir Bieltvedt, fjárfestir og viðskiptafélagi þeirra í Snaps og Jómfrúnni, muni koma að rekstri veitingastaðarins á Hótel Borg.



Guðfinnur Sölvi er eigandi Priksins og hluthafi í Macland. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Tilkynnt var um opnun veitingastaðar sjónvarpskokksins Jamies Oliver í lok nóvember síðastliðins. Jamie kom hingað til lands í febrúar í fyrra, eða tveimur mánuðum áður en Finni kom að verkefninu. Aðspurður segir Finni að hann hafi í fyrstu verið eini hluthafi þess en Jón Haukur komið inn á seinni stigum. Samkvæmt tilkynningunni mun staðurinn bjóða einfaldan og klassískan ítalskan mat. **– hg**

# NJÓTTU ANDARTAKSINS

Heimsæktu náttúruna á Volvo V60 Cross Country. Mikil veghæð, há sætisstaða og frábær sæti er draumaþrennan fyrir unnendur náttúru og ævintýra. Aflmikil vélin og þýð sjálfskiptingin fer með þig þangað sem þig langar. Njóttu náttúrunnar af öryggi. Volvo öryggi.

BORGARÖRYGGI (CITY SAFETY)
VÉLARHITARI MEÐ TÍMASTILLI
HEIMREIÐARLJÓS
7 TOMMU SKJÁR MEÐ NETTENGINGU
DVD SPILARI
VERÐ FRÁ 5.290.000 KR.

KOMDU Í BRIMBORG OG REYNSLUAKTU
**VOLVO V60 CROSS COUNTRY**




Menning Svíþjóðar og samfélagsleg vitund hefur mótað gjörðir okkar frá stofnun Volvo árið 1927. Frá upphafi hefur megináhersla verið lögð á fólk sem hefur leitt af sér einstakar öryggisuppfinningar og áhrifaríkar umhverfisáherslur. Uppfinningar okkar hafa sett Volvo bíla fremsta í öryggi og leitt til lágmarksáhrifa á umhverfið. Við höfum nú sett okkur enn eitt krefjandi markmiðið. Frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í farabroddi og veldu öryggi í fremstu röð og bíl þar sem allt hefur verið gert til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Brimborg | Brimborg Reykjavík<br>Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000 | Brimborg Akureyri<br>Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050 | volvocars.is

# Vildi stöðva sölu á 45% í Ölgerðinni

**Hluthafi í Eignarhaldsfélaginu Þorgerði vildi ekki selja eign sína í Ölgerðinni og fór fram á lögbann hjá sýslumanni. Hæstiréttur hafnaði því. Eigendurnir fengu um fimm milljarða króna fyrir 69 prósent. Samkeppniseftirlitið hefur ekki enn samþykkt söluna.**

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is

Stór hluthafi í Ölgerðinni fór í október fram á að Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu legði lögbann á sölu á 45 prósenta hlut í fyrirtækinu. Sýslumaðurinn hafnaði því og fjórum dögum síðar barst fjölmiðlum tilkynning um sölu á 69 prósentum í Ölgerðinni. Þann sama dag var synjun sýslumanns tekin fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur og í desember staðfesti Hæstiréttur að salan, sem Samkeppniseftirlitið hefur ekki enn samþykkt, yrði ekki stöðvuð með lögbanni.



Sala á eignarhlutnum í Ölgerðinni var undirrituð um miðjan október. Þann sama dag var synjun á lögbannsbeiðninni tekin fyrir í héraði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Vildi hætta við

Samkvæmt dómi Hæstaréttar, sem féll þann 8. desember og birtist þá ekki á vef dómstólsins, kærði ET Sjón ehf., í eigu Eiríks Ingvars Þorgeirssonar, úrskurð héraðsdóms þar sem hafnað var kröfu félagsins um að ákvörðun sýslumannsins yrði felld úr gildi. ET Sjón er einn þriggja hluthafa Eignarhaldsfélagsins Þorgerðar sem seldi 45 prósenta hlut sinn í Ölgerðinni þann 16. október. Félag Eiríks á 28,24 prósenta hlut í Þorgerði eða tæp þrettán prósent í fyrirtækinu.

Eignarhaldsfélagið Þorgerður var stofnað í október 2010 utan um kaup á hlut í Ölgerðinni. Auður 1 fjárfestingarsjóður, í eigu lífeyrissjóða og einkafjárfesta, fór fyrir kaupendahópnum og á í dag 62,35 prósent í Þorgerði. Fjárfestirinn Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir er þriðji hluthafinn og á hún 9,4 prósent. Í september 2015 ákváðu eigendur félagsins, ásamt öðrum hluthöfum Ölgerðarinnar, að fá fyrirtækjaráðgjöf Virðingar til að sjá um söluferli á öllu hlutafé drykkjarvöruframleiðandans. Virðing var fengin til að selja eignina í lokuðu ferli eða almennu útboði í tengslum við mögulega skráningu Ölgerðarinnar í Kauphöll Íslands.

Salan á 69 prósenta hlutnum var samþykkt þann 16. október og fréttatilkynning send daginn eftir. Þorgerður átti þar af 45 prósent en þeir Októ Einarsson, stjórnarformaður Ölgerðarinnar, og Andri Þór Guðmundsson, forstjóri fyrirtækisins, ákváðu á endanum að selja ekki 31 prósents eignarhlut OA eignarhaldsfélags í fyrirtækinu. Sama dag og tilkynningin barst fjölmiðlum skaut ET Sjón ákvörðun sýslumannsins til héraðsdóms. Rúmum mánuði síðar, eða þann 24. nóvember, var haldinn hluthafafundur í Þorgerði að kröfu Eiríks um að hætt yrði við söluna. Tillagan var felld með atkvæðum annarra hluthafa.

### Ósáttur við stjórnarfund

Drög að kaupsamningi á hlut Þorgerðar í Ölgerðinni voru kynnt á stjórnarfundi félagsins 19. september. Þá var samkvæmt dómi héraðsdóms bókað að samþykkt hefði verið að stjórn félagsins veitti umboð til undirritunar samningsins. Þann 13. október lagði ET Sjón aftur á móti fram beiðni sína um að sýslumaður legði lögbann við því að Margit Robertet, stjórnarformaður Þorgerðar, og Gunnar Sigurðsson, fjárfestingarstjóri hjá Virðingu, nýttu sér umboð sitt til að undirrita samninginn. Fór félagið einnig fram á að lagt yrði lögbann við því að Þorgerður seldi 45 prósenta hlutinn.

Í dómi héraðsdóms er vitnað í forsvarsmann ET Sjónar um að honum hafi ekki verið kunnugt um að taka ætti endanlega ákvörðun um sölu á eignarhlutnum á fundinum í september. Eiríkur hafi talið að boðun til hans hafi verið ófullnægjandi og fundurinn ekki skuldbundið Þorgerði með réttum hætti. Um endanlegan kaupsamning hafi því aldrei verið fjallað á fundinum. Þessu höfnuðu aðrir eigendur Eignarhaldsfélagsins Þorgerðar.

**69%**
**hlutur í Ölgerðinni var seldur um miðjan október.**

„Þá er ljóst að ef ekki verður af sölunni kann varnaraðili [Eignarhaldsfélagið Þorgerður] að verða fyrir tjóni, meðal annars vegna tapaðs hagnaðar af sölunni, auk þess sem þeir sem yrðu af kaupunum kynnu að hafa uppi bótakröfur á hendur honum vegna vanefnda samningsins,“ segir í dómi héraðsdóms.

Eiríkur vildi ekki tjá sig um málið þegar Markaðurinn leitaði eftir því. Sagði hann þó það ekki rétt, sem Markaðurinn hefur eftir heimildum, að hann hafi meðal annars verið ósáttur við að þurfa að bera kostnað vegna rúmlega milljarðs króna endurálagningar Ríkisskattstjóra á Ölgerðina árið 2013 vegna öfugs samruna fyrirtækisins frá árinu 2007.


Eiríkur Ingvar Þorgeirsson, eigandi ET Sjónar ehf.

### Fimm milljarða sala

Í dómi héraðsdóms er bent á þá miklu fjárhagslegu hagsmuni sem voru í húfi fyrir þá sem stóðu að sölu og kaupum á hlutum í Ölgerðinni. Í munnlegum málflutningi fyrir dómnum hafi komið fram að söluverð hlutanna væri um fimm milljarðar króna og þar af næmi hlutur Þorgerðar 3,5 til 3,8 milljörðum króna. Með hliðsjón af hlut ET Sjónar í Þorgerði næmi sala 28,24 prósenta hlutarins um einum milljarði króna. Þessum tölum hafi ekki verið andmælt en í þeim er ekki tekið tillit til skulda félagsins og handbærs fjár.

Eignarhaldsfélagið Þorgerður, F-13 ehf. og Lind ehf. seldu 69 prósenta hlutinn til framtakssjóðanna Akurs fjárfestingar, Horns III og hóps einkafjárfesta. Samkeppniseftirlitið hefur ekki gefið samþykki sitt og situr Eiríkur enn í stjórn Ölgerðarinnar.




# Kvarta undan forstjóra Regins

Stjórn Norðurturnsins við Smáralind gagnrýnir orð Helga S. Gunnarssonar, forstjóra Regins, um að verktakafyrirtækið BYGG sé „sprautan á bak við“ deilur eigenda turnsins og Eignarhaldsfélagsins Smáralindar ehf. og að þar ráði „nátttröllsviðhorf“ ríkjum. Harmar stjórnin að Helgi tali með slíkum hætti um „nágranna sína í fjölmiðlum“.

Þetta kemur fram í bréfi sem Garðar Þ. Guðgeirsson, stjórnarformaður Norðurturnsins, sendi stjórn Regins, eiganda Smáralindar, og Kópavogsbæ um miðjan febrúar og Markaðurinn hefur undir höndum. Tilefnið er frétt blaðsins frá 8. febrúar þar sem Helgi gaf lítið fyrir stefnu sem Norðurturninn hefur höfðað gegn verslunarmiðstöðinni og Kópavogsbæ vegna bílastæða við Smáralind. Samkvæmt henni vilja eigendur turnsins staðfestingu dómstóla á að kvaðir um samnýtingu stæðanna séu í gildi og að deiliskipulag sem heimilar uppbyggingu íbúðahverfisins 201 Smári verði ógilt.


Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins.

Helgi sagði í frétt Markaðarins að framkvæmdirnar fyrirhuguðu byggðu á faglegri umfjöllun skipulagsyfirvalda og að stefnan kæmi ekki til með að hafa áhrif á framgang verkefnisins. Ríkharð Ottó Ríkharðsson, framkvæmdastjóri Norðurturnsins, sagði þær rýra réttindi turnsins þar sem þær ættu eftir að fækka bílastæðum við suðvesturhorn Smáralindar.

Hjúpur, dótturfélag BYGG (Byggingafélags Gylfa og Gunnars), er stærsti eigandi Norðurturnsins með 28 prósenta hlut. Í bréfi Norðurturnsins er tekið fram að Hjúpur eignaðist hlut í byggingunni „löngu eftir að ágreiningur tengdur bílastæðum kom upp“. Allar athugasemdir við deiliskipulagið byggi á málefnalegum sjónarmiðum og séu studdar þinglýstum heimildum. – hg


Illska
„þetta er að öllum líkindum ein mikilvægasta sýning leikhúsanna í nokkurn tíma og listamönnunum til mikils sóma."
B.L. - DV
ATBURÐIR SEM MEGA EKKI GLEYMAST!
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!
Miðasala | borgarleikhus.is



Fjárfestingarsjóðirnir hafa verið þeirrar skoðunar að aðgerðir stjórnvalda í tengslum við útboð Seðlabankans, þar sem eigendum aflandskróna gafst færi á að skipta þeim í erlendan gjaldeyri á afslætti miðað við skráð gengi kr

# Reyna að ná samkomulagi við aflandskró

**Embættismenn á vegum stjórnvalda áttu fundi í New York í vikunni með forsvarsmönnum bandaríska fjárfestingarsjóða. Eiga yfir 100 millj gjaldeyri. Seðlabankinn gæti haldið annað útboð þar sem sjóðirnir myndu selja eignir sínar fyrir evrur á afar litlum afslætti miðað núverandi**

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Stjórnvöld eiga nú í viðræðum við fulltrúa bandarískra fjárfestingarsjóða, sem eiga samanlagt vel yfir hundrað milljarða í aflandskrónum eftir að hafa neitað að taka þátt í gjaldeyrisútboði Seðlabanka Íslands í júní 2016, til að kanna grundvöll að samkomulagi sem myndi í kjölfarið gera þeim kleift að flytja eignir sínar úr landi í skiptum fyrir erlendan gjaldeyri. Það yrði þá á umtalsvert hagstæðara gengi fyrir fjárfestingarsjóðina – mögulega á genginu 130 til 140 krónur gagnvart evru – en stjórnvöld voru reiðubúin að samþykkja í viðræðum við sömu sjóði í fyrra. Gengi krónunnar gagnvart evru hefur styrkst um liðlega 20 prósent frá útboði Seðlabankans.

Samkvæmt heimildum Markaðarins héldu fulltrúar á vegum íslenskra stjórnvalda út til New York síðastliðinn sunnudag til að eiga fundi með bandarísku sjóðunum en þeir eru Autonomy Capital, Eaton Vance, Loomis Sayles og Discovery Capital. Á meðal þeirra sem sóttu fundina fyrir hönd stjórnvalda voru Jón Þ. Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri alþjóðasamskipta á skrifstofu seðlabankastjóra, Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri fjármála- og efnahagsráðuneytisins, og Benedikt Árnason, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu. Þeir Guðmundur og Benedikt eiga jafnframt sæti í fimm manna stýrinefnd um losun hafta.

Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra, vildi á þessari stundu ekkert tjá sig um fundahöldin eða mögulegt samkomulag við aflandskrónueigendur þegar eftir því var leitað og sagði að „málið væri bara í vinnslu“.

Fundirnir eru haldnir í kjölfar óformlegra samskipta sem hafa staðið yfir milli sjóðanna og stjórnvalda frá því undir árslok 2016. Bandaríski lögmaðurinn Lee Buchheit, sem hefur veitt núverandi og fyrrverandi ríkisstjórn ráðgjöf við vinnu að áætlun um losun hafta, hefur verið milligönguaðili í þeim samskiptum og sótti hann jafnframt þá fundi sem fulltrúar stjórnvalda áttu í vikunni með bandarísku sjóðunum. Ekki hafa fengist upplýsingar um hvort fulltrúar frá öllum fjárfestingarsjóðunum fjórum, eða aðeins hluti þeirra, hafi sótt fundina með stjórnvöldum sem fram fóru í New York.

**Settir aftast í röðina**

Fjárfestingarsjóðirnir hafa verið þeirrar skoðunar að aðgerðir stjórnvalda í tengslum við fyrrnefnt gjaldeyrisútboð Seðlabankans, þar sem eigendum aflandskróna að fjárhæð samtals 319 milljarðar gafst færi á að skipta þeim á genginu 190 krónur fyrir hverja evru, verði ekki réttlættar með vísan til efnahagslegrar nauðsynjar. Sjóðirnir neituðu að fallast á skilyrði stjórnvalda, eða skiluðu inn tilboðum í útboðinu sem Seðlabankinn gat ekki samþykkt, og hafa þess í stað kvartað til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) vegna aðgerða íslenskra yfirvalda og sagst ætla að láta reyna á rétt sinn fyrir dómstólum. Í úrskurði sem barst frá ESA í nóvember var hins vegar ekkert gert með athugasemdir sjóðanna heldur sagði að aðgerðir stjórnvalda hefðu verið í samræmi við skuldbindingar Íslands gagnvart EES-samningnum.

Þeir aflandskrónueigendur sem kusu að taka ekki þátt í gjaldeyrisútboði Seðlabankans í júní 2016 þurfa að sæta því að fjármunir þeirra flytjast yfir á vaxtalausa reikninga um

**Aflandskrónur í árslok 2016**




■ Reiðufé og innstæðubréf
■ Ríkisbréf og -víxlar
■ Aðrar eignir
*Heimild: Seðlabanki Íslands*

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
1. MARS 2017 MIÐVIKUDAGUR

# PÖNKIÐ ÞARF EKKI BLESSUN

Fimm pönkbönd koma fram á hátíðinni Pönkveisla Dillon á morgun, þar af goðsagnakenndu pönkböndin Fræbbblarnir og Q4U. Beggi Smári, skipuleggjandi kvöldsins, býst við fólki á öllum aldri á morgun, bæði á sviðinu sjálfu og úti í sal.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Blásið verður til mikillar pönkveislu á morgun fimmtudag á skemmtistaðnum Dillon í Reykjavík þegar fimm ólíkar sveitir stíga á svið, þar á meðal pönkböndin goðsagnakenndu Q4U og Fræbbblarnir. Dillon hefur lengi lagt áherslu á að sinna öllu litrófi íslenskrar tónlistar og er pönkið þar engin undantekning, segir Beggi Smári, skipuleggjandi pönkveislunnar og umsjónarmaður lifandi viðburða á Dillon. „Pönkið hefur alltaf átt heima á Dillon og hnitmiðaðar hátíðir eins og þessar hafa alltaf slegið í gegn hér. Húsið er einstakur tónleikastaður þar sem nándin milli gesta og listamanna skipar sérstakt andrúmsloft. Það var einfaldlega bara kominn tími á að sinna pönkinu.“

Fimm pönkbönd koma fram á morgun. Fyrst ber að nefna íslensku pönksveitirnar Q4U og Fræbbblana sem báðar þarf vart að kynna enda hafa þær átt þátt í að móta íslenska pönktónlist eins og við þekkjum hana í dag að hans sögn.

## MIÐALDRA TUÐARAR

Hljómsveitin Tuð kemur einnig fram en hún gaf út sína fyrstu plötu í fyrra sem ber heitið Þegiðu! „Svo þeirra eigin orð séu notuð þá eru þeir í Tuð lífsleiðir miðaldra karlmenn sem tuða yfir því helsta sem angrar þá með misalvarlegum textum og grípandi melódíum.“

Dýrðin er öllu eldri en hún hefur starfað frá árinu 1994. „Stefna þeirra í upphafi var að búa til sætt popp en með eintóma bílskúrspönkara innanborðs urðu lætin meiri en góðu hófi gegndi. Niðurstaðan varð því hratt popp-pönk rokk með ballöðuívafi hér og þar. Um miðjan febrúar kom út nýjasta plata þeirra, Your Favorite Band.“

## MEIRA EN MÚSIK

Eina erlenda bandið á tónleikunum er frá Finnlandi og heitir Turpakäräjät en sveitin er nú í tónleikaferð um Ísland sem hún kallar „Set Iceland on fire“. Beggi Smári vitnar í Kalle Keinonen, söngvara hljómsveitarinnar: „Pönk er ógnarsterkt tæki til að tjá skoðanir og hugsanir um almenn málefni og persónuleg vandamál. Að segja nei, þetta er ekki rétt! Pönk er tól sem leyfir þér að gera hvað í fjandanum sem þú vilt gera. Þú þarft engan til að veita þér blessun sína fyrir að spila pönk!“

Hann býst við góðri stemningu á morgun. „Pönkið er löngu búið að síast inn í músík sem við skilgreinum ekki endilega sem pönk í dag. Unga fólkið hlustar á músík sem er undir sterkum pönkáhrifum þótt það kannski skilgreini sig ekki sem pönkara. Pönkið var og er auðvitað miklu meira en bara músík. Það er viðhorf og lífsstíll. Við eigum eftir að sjá fólk á öllum aldri á fimmtudaginn, bæði á sviðinu og úti í sal.“

Tónleikarnir byrja klukkan 20 og er frítt inn á þá eins og alla tónleika hjá Dillon.

**Nánari upplýsingar inn á Facebook-síðu Dillon**




**„Húsið er einstakur tónleikastaður þar sem nándin milli gesta og listamanna skipar sérstakt andrúmsloft. Það var einfaldlega bara kominn tími á að sinna pönkinu,“ segir Beggi Smári, skipuleggjandi pönkveislunnar á Dillon.** MYND/STEFÁN



**Fræbbblana þarf vart að kynna enda áttu þeir þátt í að móta íslenska pönktónlist.**



**Finnska pönkbandið Turpakäräjät er á tónleikaferð um landið, Set Iceland on fire.**

365 óskar eftir góðu fólki

FRÉTTABLAÐIÐ

SÖLUMAÐUR AUGLÝSINGA

**Auglýsingadeild Fréttablaðsins óskar eftir röskum sölumanni á stærsta prentmiðil landsins.**

Helstu kröfur:
- Reynsla af sölumennsku æskileg.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Sjálfstæði í starfi og geta unnið í hópi.
- Þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.
- Sveigjanleiki og frumkvæði í starfi.

**Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á: www.365.is undir „laus störf“.**

**Umsóknarfrestur er til og með 3. mars.**

**Stefnt er að því að umsækjandi hefji störf hið fyrsta.**

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 410 manns.

365



HATTALAND Friðrik Þorsteinsson



GULLNA SÓLSETRIÐ Guðjón Ottó Bjarnason



SKÝJASKUGGAR Í TUNGLSLJÓSI Már Jóhannsson



DRESSED UP Sigrún H. Sigurðardóttir Fossdal



MÚRINN Hartvig Ingólfsson



SKUGGAFÍLAR Aðalheiður Einarsdóttir

# Ljós og skuggar

**Fókus, félag áhugaljósmyndara**, stendur fyrir ljósmyndasýningunni Ljós og skuggar í Fókus, í listasal Bóksasafns Mosfellsbæjar. Þar tekst 21 áhugaljósmyndari á við að fanga blæbrigði ljóss og skugga.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



„Þetta verður 25. sýning félagsins,“ segir Sigrún H. Sigurðardóttir Fossdal, formaður sýningarnefndar Fókuss, félags áhugaljósmyndara. Félagið stendur fyrir samsýningu árlega og hver sýning hefur sérstakt þema. „Þannig vorum við með sýninguna Mynstur í Fókus árið 2015 og árið þar áður Borgarljóð í Fókus þar sem hver ljósmyndari valdi sér ljóð um stað í Reykjavík og túlkaði það með mynd,“ segir Sigrún en flestar myndir sýninganna eru teknar sérstaklega fyrir þær. Í ár er yfirskrift sýningarinnar Ljós og skuggar í Fókus og þar gefur að líta 21 mynd eftir jafnmarga ljósmyndara sem reyna að fanga blæbrigði ljós og skugga við ýmsar aðstæður.



Sigrún H. Sigurðardóttir Fossdal, formaður sýningarnefndar Fókuss.

## FJÖLBREYTT STARF

Fókus var stofnað árið 1999 og er að sögn Sigrúnar eitt af elstu starfandi ljósmyndafélögum landsins. „Félagið er opið öllum, bæði byrjendum og lengra komnum en markmið félagsins er að efla færni áhugaljósmyndara og vekja áhuga fólks á áhugaljósmyndun,“ segir Sigrún en margvíslegt starf fer fram innan félagsins.

„Við höldum fræðslufundi annan hvern þriðjudag yfir veturinn. Svo förum við reglulega í ferðir og ljósmyndarölt og kynnumst landinu í gegnum linsuna. Við förum til dæmis í norðurljósaferðir á kvöldin og dagsferðir út á land um helgar,“ segir Sigrún og bætir við að félagsskapurinn sé alveg einstakur. „Þá er fólk alltaf tilbúið að kenna hvert öðru og útskýra.“

Sigrún segir mikinn og vaxandi áhuga á ljósmyndun. „Sérstaklega hjá konum en þeim hefur fjölgað mjög í félaginu undanfarin ár.“

Þeir sem vilja kynna sér nánar starf félagsins geta leitað upplýsinga á Facebook undir Fókus – félag áhugaljósmyndara.

**Sýningin Ljós og skuggar í Fókus í listasal Bókasasafns Mosfellsbæjar var opnuð formlegar 18. febrúar og stendur til 11. mars. Sýningin er í samstarfi við Nýherja.**

SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA

Arctic Star



Arctic star sæbjúgnahylki innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlins

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki
Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavik - S: 562-9018 / 898-5618

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI:** 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Sigríður Inga Sigurðardóttir, *sis@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*

LYFJA
– Lifið heil




# BIOTHERM DAGAR

## Lyfju Lágmúla, Laugavegi, Smáralind, Smáratorgi og Reykjanesbæ 1.- 5. mars

**GLÆSILEGUR KAUPAUKI FYLGIR ÞEGAR ÞÚ KAUPIR BIOTHERM VÖRUR FYRIR 7.800 KR. EÐA MEIRA.**




### „MUST HAVE" FRÁ BIOTHERM:

- **BALM-TO-OIL DJÚPHREINSIR** SEM BREYTIST Í SILKIMJÚKA OLÍU ÞEGAR HONUM ER NUDDAÐ Á HÚÐINA. OLÍAN HREINSAR, FJARLÆGIR ALLAN FARÐA, AUGNFÖRÐUN, MENGUN OG SVIFRYK. HENTAR ÖLLUM HÚÐGERÐUM OG HÚÐIN VERÐUR SILKIMJÚK OG TANDURHREIN.
- **HREINSIOLÍA FYRIR ANDLIT OG AUGU SEM BREYTIST Í FROÐU** SEM HREINSAR ÖLL ÓHREININDI OG MENGUN MEÐAN OLÍAN BRÁÐNAR Á HÚÐINNI OG NÆRIR HANA. HÚÐIN VERÐUR FULLKOMLEGA HREIN, NÆRÐ OG ENDURNÝJUÐ.

**20% AFSLÁTTUR**
AF **BIOTHERM** VÖRUM

## BÍLAR & FARARTÆKI

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

VAKA



Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



TOYOTA Rav4 vx. Árgerð 2013, ekinn 45 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.590.000. Rnr.288614.



SUZUKI Swift gl 4x4. Árgerð 2015, ekinn 34 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.290.000. Rnr.151664.



TOYOTA Hilux d/c, sr 3.l 33". Árgerð 2015, ekinn 23 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.490.000. Rnr.151641.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Þarfnast bíllinn viðhalds eða viltu einfaldlega losna við hann. S. 8682352

## Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar alglugar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

**GRÁSLEPPUSJÓMENN**
Tilboðsverð 65 metra löng ný felld net með nýlegum teinum Verð 22.940 m/vsk til eru 20 stk. 30 stk 71 metri löng nýfelld net 24.552 m/vsk flottir teinar vönduð felling. Heimavík ehf 892 8655 heimavik.is

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU ŞAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Líka úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 5676700

## Varahlutir

Startarar & alternatorar
í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Málarar

Málarameistari getur bætt við sig inni og úti verkefnum Upp. s. 821 1333 Verkfar ehf

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

**FRAMTAL 2017**
Framtöl einstaklinga, verktaka

og rekstraraðila.

Góð og traust þjónusta.

Vönduð vinna.

FRAMTALSPJÓNUSTAN, Ármúla 19.

Sími 533 1533.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.


AÐEINS KR.
~~1.990~~
1.890
ÞÚSUND

KAUPAUKI
AÐ VERÐMÆTI KR.
200.000
√ NÝJAR ÁLFELGUR
√ NÝ VETRARDEKK
√ FILMUR Í AFTURGLUGGUM

# FRÁBÆR BÍLL
# MIKLU BETRI DÍLL

## SÍÐUSTU BÍLARNIR Á LÆGRA VERÐI

TOYOTA YARIS
ÁRGERÐ 2016

√ ALLIR BÍLAR YFIRFARNIR OG Í ÁBYRGÐ
√ ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN
√ TIL Í ÝMSUM LITUM
√ HANDFRJÁLS BÚNAÐUR (BLUETOOTH)
√ GÓÐ ENDURSALA
√ TÖKUM BÍLA UPPÍ
√ ALLIR BÍLAR MEÐ USB OG AUX

25 ÞÚS. Á MÁNUÐI*



* Miðað við 20% útborgun
Yaris 1,0 bensín eknir á bilinu 25-29 þúsund km
Ábyrgð gildir frá fyrsta skráningardegi í mars 2016

Aukahlutir á mynd samlitir speglar og húnar fylgja ekki. Meðfylgjandi álfelgur eru sambærilegar.

586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan

opið í dag 10-18
kaffi á könnunni

STÓRA BÍLASALAN
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík



...rónunnar, verði ekki réttlættar með vísan til efnahagslegrar nauðsynjar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# ...ónueigendur

...arða í aflandskrónum sem þeir vilja skipta yfir í ... gengi krónunnar. Fjármálaráðherra segir málið í vinnslu.

ófyrirséðan tíma. Fram kom í tilkynningu frá Seðlabankanum fyrr á þessu ári að í árslok 2016 hefðu eignir aflandskrónueigenda numið samtals 191 milljarði króna. Þær aflandskrónueignir, sem samanstanda einkum af ríkisskuldabréfum og reiðufé, eru að langstærstum hluta í eigu bandarísku fjárfestingarsjóðanna.

**Stál í stál**

Tilraunir íslenskra stjórnvalda til að ná einhvers konar samkomulagi við stærstu eigendur aflandskróna eru ekki nýjar af nálinni. Í aðdraganda útboðs Seðlabankans áttu ráðgjafar og embættismenn stjórnvalda í umtalsverðum óformlegum viðræðum við bandarísku sjóðina til að kanna hvort hægt væri að komast að niðurstöðu sem væri ásættanleg fyrir báða aðila. Á þeim fundum kom fram að sjóðirnir myndu ekki fallast á að losna út fyrir höft með krónueignir sínar í skiptum fyrir erlendan gjaldeyri á gengi sem væri óhagstæðara en 165 krónur fyrir hverja evru, en á þeim tíma kostaði evran um 140 krónur. Ráðgjafar stjórnvalda leituðu á þessum tíma meðal annars til starfsmanna tveggja fjármálafyrirtækja – Kviku banka og Íslandsbanka – til að vera milligönguaðilar í viðræðum við fjárfestingarsjóðina þar sem þeir þekktu persónulega vel til fulltrúa sjóðanna.

Í kjölfar gjaldeyrisútboðs Seðlabankans áttu sér áfram stað óformlegar viðræður við þá bandarísku sjóði sem tóku ekki þátt í útboðinu þar sem leitast var við að ná samkomulagi til að leysa út eignir þeirra. Lítið þokaðist hins vegar í átt að samkomulagi en sjóðirnir vildu þegar þarna var komið, síðsumars 2016, ekki ljá máls á því að selja aflandskrónueignir sínar á gengi sem væri lægra en 150 til 155 krónur fyrir hverja evru með hliðsjón af því að gengið hafði þá styrkst talsvert frá því að útboðið var haldið fáum mánuðum áður. Þær tilraunir báru því engan árangur, ekki frekar en þegar Bandaríkjamaðurinn Rob Citrone, stofnandi og forstjóri Discovery Capital, hafði áður reynt að fá alla sjóðina til að ná sameiginlegu samkomulagi við íslensk stjórnvöld.




Már Guðmundsson seðlabankastjóri en Seðlabanki Íslands hélt síðast gjaldeyrisútboð fyrir aflandskrónueigendur í júní 2016. Þá samþykkti bankinn tilboð fyrir alls 83 milljarða króna á genginu 190 fyrir hverja evru. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Krónan hefur styrkst stöðugt gagnvart evru




**Eru undir tímapressu**

Vogunarsjóðurinn Discovery Capital var sá eini sem skilaði inn tilboðum í gjaldeyrisútboðinu, sem voru samþykkt af Seðlabankanum, og minnkaði um 17 milljarða aflandskrónueign sjóðsins við það um helming, samkvæmt heimildum Markaðarins. Af fjárfestingarsjóðunum fjórum er Discovery Capital minnsti aflandskrónueigandinn – sjóðurinn var á sínum tíma langsamlega stærstur – en hinir sjóðirnir eiga hver um sig aflandskrónur að fjárhæð um 30 til 40 milljarðar. Í opinberum fjárhagsupplýsingum frá Loomis Sayles og Eaton Vance má sjá að sjóðirnir bókfæra þær eignir hjá sér á annars vegar 220 krónur gagnvart evru og hins vegar 195 krónur fyrir hverja evru. Að stórum hluta keyptu sjóðirnir þessar aflandskrónur á sínum tíma á genginu 270 til 300 krónur fyrir hverja evru.

Sá sjóður sem hefur reynst langsamlega tregastur í taumi gagnvart stjórnvöldum er Autonomy Capital, sem er samtals með eignir upp á um fimm milljarða Bandaríkjadala í stýringu, en sá sem fer fyrir sjóðnum er Robert Gibbins, stofnandi vogunarsjóðsins. Aflandskrónueign sjóðsins nemur um 40 milljörðum, eftir því sem heimildir Markaðarins herma. Þær eignir samanstanda í dag að stærstum hluta af reiðufé, sem ber þá litla sem enga ávöxtun, en sjóðurinn hafði áður átt umtalsverða fjármuni í ríkisskuldabréfum sem voru á gjalddaga í október 2016 og í febrúar á þessu ári.

**20%**

**er gengisstyrking krónunnar gagnvart evru frá aflandskrónuútboði Seðlabankans í júní 2016.**

**Gætu haldið annað útboð**

Á meðal þess sem stjórnvöld hafa nú til skoðunar er að halda annað gjaldeyrisútboð í því skyni að hleypa aflandskrónueigendum úr landi. Slíkt útboð gæti þá farið fram áður en búið er að losa að fullu um höft á íslensk heimili, fyrirtæki og lífeyrissjóði. Ljóst þykir, að sögn þeirra sem þekkja vel til stöðu mála, að bandarísku sjóðirnir muni ekki ljá máls á því að selja krónueignir sínar um þessar mundir á gengi sem væri óhagstæðara en 130 til 140 krónur gagnvart evru. Gengi krónunnar hefur styrkst um liðlega 20 prósent frá því að útboð Seðlabankans fór fram í júní 2016 og í dag kostar evran aðeins um 113 krónur. Slíkar aðgerðir til að hleypa aflandskrónueigendum út myndu þýða að þeir gætu því vænst þess að losna út fyrir höft á hagstæðara gengi en opinbert gengi krónunnar var – um 140 gagnvart evru – þegar gjaldeyrisútboð Seðlabankans fór fram fyrir aðeins níu mánuðum.

Af hálfu fulltrúa stjórnvalda og Seðlabanka Íslands er meðal annars horft til þess, sem rök fyrir því að ná samkomulagi við fjárfestingarsjóðina, að allt útlit sé fyrir enn meiri gengisstyrkingu krónunnar og þá hefur hreinn gjaldeyrisforði Seðlabankans stækkað verulega undanfarin misseri samhliða gríðarlegum kaupum bankans á gjaldeyri. Gjaldeyrisforða af slíkri stærðargráðu – sá hluti forðans sem er fjármagnaður innanlands í krónum er núna yfir 600 milljörðum – fylgir umtalsverður kostnaður vegna neikvæðs vaxtamunar, sem nemur árlega tugum milljarða. Hægt væri að minnka þann kostnað með því að nota hluta forðans til að losa aflandskrónueigendur út í skiptum fyrir erlendan gjaldeyri. Ólíklegt væri aftur á móti að Seðlabankinn gæti bókfært hjá sér mikinn gengishagnað af þessu konar gjaldeyrisviðskiptum en sá gjaldeyrir sem bankinn safnaði í forðann á árinu 2016 var keyptur að meðaltali á genginu 133 krónur fyrir hverja evru.

**Gagnrýnir stefnubreytingu**

Fjármálaráðherra hefur látið hafa það eftir sér að hann vonist til að leysa þau mál sem lúta að aflandskrónueigendum á þessu ári. Þannig kom fram í máli Benedikts í útvarpsþættinum Sprengisandi 27. janúar síðastliðinn að „við þyrftum að velta því fyrir okkur næstu daga og vikur hvernig við getum losnað við afganginn“ af þeim aflandskrónum sem núna eru fastar á bak við fjármagnshöft.

Í grein sem Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri hjá Kviku banka og fyrrverandi varaformaður framkvæmdahóps stjórnvalda um losun hafta, skrifar í Fréttablaðið í gær kemur fram að allar forsendur séu núna fyrir hendi til að afnema alfarið höft á innlenda aðila. Það skipti ekki síst máli að tekist hafi að ljúka málefnum gömlu bankanna án eftirmála og þá hafi aflandskrónueigendum verið gefnir skýrir valkostir með aðgerðum stjórnvalda í fyrra – að selja krónueignir sínar fyrir gjaldeyri með þátttöku í útboði eða binda þær til lengri tíma þar til búið væri að losa um höft á aðra.

Sigurður gagnrýnir þess vegna að núna standi hugsanlega til að skipta um kúrs í þessum efnum. „Stjórnvöld hafa nú gefið í skyn að hleypa ætti aflandskrónueigendum með eignir sínar úr landi á þessu ári, þvert á þær áætlanir sem hafa skapað trúverðugleika fyrir land og þjóð. Með slíkri stefnubreytingu væru hagsmunir kröfuhafa teknir fram yfir hagsmuni landsmanna.“

# Fær útrás í Beyoncé dansi í Kramhúsinu og í World Class

## Svipmynd

**Anna Fríða Gísladóttir**



Anna Fríða Gísladóttir, markaðsstjóri Domino's á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Anna Fríða Gísladóttir, markaðsstjóri Domino's, hefur starfað hjá fyrirtækinu í um þrjú ár. Hún er 26 ára gömul, uppalin í Reykjavík og lauk stúdentsprófi frá Verslunarskóla Íslands. Þaðan lá leiðin í viðskiptafræði í Háskóla Íslands. Anna er í sambúð með Sverri Fal Björnssyni, verkefnastjóra hjá WOW air, og situr hér fyrir svörum í Svipmynd Markaðarins.

*Hvað hefur komið þér mest á óvart það sem af er ári?* Árið 2017 hefur verið ansi viðburðaríkt þó það sé ekki mikið búið af því. Ég kom sjálfri mér á óvart þegar ég keypti mér skipulagsbók sem ég hef í raun skrifað í og notað mjög mikið. Það kom mér líka á óvart að Ranieri var rekinn frá Leicester City.

*Hvaða app notarðu mest?* Ég nota Instagram, Twitter og Snapchat mjög mikið þar sem ég set sjálf inn efni. Síðan hefur appið Clue reynst mér mjög vel ásamt Podcast og Spotify. Uppáhaldsappið er samt að sjálfsögðu Domino's-appið.

*Hvað gerir þú í frístundum þínum?* Ég er mjög virk í félagslífinu og ver miklum tíma með vinum og kærasta. Mér finnst mjög gaman að elda og fá fólk í mat ásamt því að ferðast.

*Hvernig heldur þú þér í formi?* Ég æfi fjórum sinnum í viku í hópaþjálfun hjá Birki Vagni í World Class, einu sinni í viku fæ ég síðan útrás í Beyoncé dansi í Kramhúsinu. Þess á milli hleyp ég og fer í þoltíma eins og til dæmis spinning.

*Hvernig tónlist hlustar þú á?* Það fer allt eftir skapi. Allt frá hiphopi til power-ballaða.

*Ertu í þínu draumastarfi?* Starfið mitt er mjög fjölbreytilegt frá degi til dags og einn hluti af starfinu felst í því að smakka pitsur. Ég held að það sé erfitt að toppa það!

# Forstjórinn ánægður með breytingarnar

**Aldrei stóð til að flytja höfuðstöðvar CCP úr landi, segir Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri fyrirtækisins. CCP hagnaðist um 21,5 milljónir dala í fyrra. Vill enn kasta krónunni og taka upp annan gjaldmiðil.**




Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri CCP, segir að um besta afkomuár fyrirtækisins sé að ræða síðan það var stofnað árið 1997. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri CCP, er enn sannfærður um að Ísland eigi að taka upp aðra mynt og horfir hann enn til evrunnar. Forstjórinn segir rekstrarumhverfi íslenskra tækni- og nýsköpunarfyrirtækja hafa batnað til muna á síðustu árum. Fyrsta skóflustungan að nýjum höfuðstöðvum CCP í Vatnsmýrinni var tekin í byrjun febrúar en fjölmiðlar hafa á síðustu árum greint frá áhuga fyrirtækisins á að flytja þær úr landi.

„Það stóð aldrei til en það var alltaf verið að ræða það í fjölmiðlum en við höfum vissulega bent á ýmsa hluti sem betur mættu fara í utanumhaldi á fyrirtækjum. Nú er búið að gera mjög hraustlegar breytingar á umhverfinu á Íslandi öllum til hróss sem hafa komið nálægt því. Það má alltaf betur gera en vissulega hefur verið tekið til hendinni. Lög um nýsköpunarfyrirtæki sem voru sett í apríl á síðasta ári eru alveg frábært skref en við höfum bent á það í þaki á endurgreiðslu á rannsókn og þróun mætti lyfta og jafnvel afnema að fullu til að leyfa bæði stórum og litlum fyrirtækjum að njóta þess umhverfis," segir Hilmar í samtali við Markaðinn.

Aðalfundur CCP var haldinn á mánudag og var ársreikningur fyrirtækisins þá kynntur. Líkt og kom fram á Vísi hagnaðist CCP um 21,5 milljónir Bandaríkjadala í fyrra eða jafnvirði 2,4 milljarða króna miðað við gengið í árslok 2016. Um metár var að ræða í dollurum talið en afkoma CCP var jákvæð um 2,7 milljarða árið 2015. Tekjurnar námu 86 milljónum dala, samanborið við 65,7 milljónir árið 2015.

Hilmar svarar aðspurður að hann sé enn fullviss um að Ísland eigi að skipta krónunni út fyrir annan gjaldmiðil.

„Ég hef ekkert farið af þeirri skoðun. Ég held að þetta konsept að vera með minnstu mynt í heimi sé löngu komið á síðasta söludag. Hvað svo sem menn gera nú í því. Mér persónulega finnst liggja beinast við að taka upp evru, en það má alveg horfa til annarra lausna. Það er búið að reyna þetta í hundrað ár og hefur ekki virkað fyrir neinn að mínu mati og þá sérstaklega ekki fyrir okkur. Því fyrr sem við hættum þessu, því betra," segir Hilmar.

**haraldur@frettabladid.is**

# Boða til ráðstefnu um eftirmál bankahrunsins



**Ásgeir Jónsson, dósent og forseti hagfræðideildar HÍ**

Haldin verður ráðstefna í hátíðarsal Háskóla Íslands í dag, miðvikudag, frá kl. 16 til 18, þar sem fjallað verður um helstu eftirmál bankahrunsins – endurreisn fjármálakerfisins, beitingu fjármagnshafta og uppgjörið við kröfuhafa gömlu bankanna. Tilefni ráðstefnunnar er útgáfa Palgrave Macmillan á bókinni The Icelandic Financial Crisis: A Study into the World's Smallest Currency Area. Höfundar bókarinnar eru þeir Ásgeir Jónsson, dósent og forseti hagfræðideildar HÍ, og Hersir Sigurgeirsson, dósent við viðskiptafræðideild HÍ.

**Tilefnið er útgáfa á bókinni The Icelandic Financial Crisis: A Study into the World's Smallest Currency Area.**

Auk ávarpa Ásgeirs og Hersis munu fara fram pallborðsumræður þar sem ýmsir sérfræðingar taka til máls sem höfðu aðkomu að stærstu verkefnum stjórnvalda í kjölfar bankahrunsins. Þar á meðal verða þeir Jóhannes Karl Sveinsson, hæstaréttarlögmaður og lagalegur ráðgjafi í viðbrögðum við falli bankanna, Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri hjá Kviku og fyrrverandi varaformaður framkvæmdahóps um losun hafta, og Jónas Fr. Jónsson, héraðsdómslögmaður og fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins.

# Dansaðu, vindur



**Hjörtur Þór Steindórsson**
sérfræðingur á fyrirtækjasviði Íslandsbanka.

Samkvæmt nýrri skýrslu frá Bloomberg New Energy Finance (BNEF) voru nýjar fjárfestingar í hreinni orku á heimsvísu 287 milljarðar dollara árið 2016, eða um 32.000 milljarðar króna. Reyndar var þetta lækkun um 18% frá fyrra ári, en það má rekja að hluta til verðlækkana á búnaði og þá helst í sólariðnaðinum. BNEF hefur svo sínar skilgreiningar á hvað er hrein orka og menn geta verið sammála eða ósammála, en það er ljóst að þegar skoðað er hvar fjárfestingarnar liggja þá gnæfir vind- og sólarorka yfir aðra endurnýjanlega orkukosti. Framleiðsla rafmagns með vindi er þessi misserin að sækja í sig veðrið. Framleiðsla rafmagns með innlandsvindi (e. onshore wind) og aflandsvindi (e. offshore vind) hefur margfaldast síðastliðin tíu ár.

**Stórtækir Norðmenn**

Nú er verið að byggja stærsta innlandsvindverkefni í Evrópu, Fosenvindverkefnið í Noregi. Þetta verkefni er mjög áhugavert. Það samanstendur af sex vindgörðum með samtals 278 vindmyllum sem framleiða rafmagn sem gæti séð um 170 þúsund norskum heimilum fyrir rafmagni. Verkefnið er í meirihlutaeigu Statkraft sem er stærsti framleiðandi endurnýjanlegrar orku í Evrópu og í eigu norska ríkisins. Aðrir eigendur eru norsk sveitarfélög og fjárfestahópur. Eigendahlutföllin eru þannig að norska ríkið og sveitarfélög eiga 60% og fjárfestahópurinn 40%. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir klárist á tímabilinu 2018-2020. Heildarkostnaður þessa verkefnis er um 1,1 milljarður evra, um 130 milljarðar íslenskra króna. Norðmenn sjá greinilega tækifæri í þessum vaxandi hluta endurnýjanlega orkugeirans.

**Tækifæri í vindinum**

Spennandi er einnig að fylgjast með framvindu mála með fjárfestingar í aflandsvindi en fjárfest var á heimsvísu fyrir næstum 3.300 milljarða króna árið 2016.

Samkvæmt nýjum tölum frá Wind Europe, hagsmunasamtökum geirans í Evrópu, jókst uppsetning (e. installed) á aflandsvindmyllum um 40% á árinu 2016 borið saman við 2015. Langmest var klárað í Þýskalandi og Hollandi (Norðursjórinn, 96%). Gert er ráð fyrir frekari uppsetningu á næstu árum og að framleiðsla rafmagns með aflandsvindi tvöfaldist á tímabilinu til 2020.

Þessi hraða þróun rafmagnsframleiðslu með vindi og sól er áhugaverð fyrir okkur Íslendinga, sérstaklega þar sem við erum rík af öðrum kosti en fátækari af hinum. Gæti verið að allt þetta spjall um veðrið í gegnum tíðina hafi í raun verið spjall um framtíðarorkukosti landsins?




FJARVINNUPAKKI 365

8.863 KR.

+ VSK.

ENDALAUST INTERNET
NETBEINIR
SKEMMTIPAKKINN

# SKEMMTILEGA VINNUTENGDUR

## NETBEINIR, ENDALAUST NET OG SKEMMTIPAKKI STÖÐVAR 2

Fyrirtæki, sem greiða fjarvinnutengingar starfsmanna, geta fært starfsfólki sínu fyrsta flokks sjónvarpsafþreyingu með Fjarvinnupakka 365.

Endalaust net, Skemmtipakki Stöðvar 2 og netbeinir. Vafraðu áhyggjulaus á netinu á öruggri tengingu. Enginn aukakostnaður við gagnamagnspakka eða umfram niðurhal bætist við.




MARGFALT SKEMMTILEGRI

SÍMI 512 5120 FYRIRTAEKI@365.IS 365

# Skotsilfur

## Fer ekki fram



Leitað var til **Kristínar Pétursdóttur**, stjórnarformanns verðbréfafyrirtækisins Virðingar, og hún beðin um að bjóða sig fram í stjórn Icelandair Group. Af því varð ekki eins og mátti sjá í tilkynningu flugfélagsins til Kauphallar Íslands síðastliðið sunnudagskvöld þar sem kom fram að sex frambjóðendur verða í framboði á aðalfundi félagsins á föstudag. Fastlega er búist við að þeir Georg Lúðviksson, stofnandi Meniga, og Tómas Benediktsson, forstjóri Farice, verði kjörnir í stjórn Icelandair og taki þar með sæti Sigurðar Helgasonar, fráfarandi stjórnarformanns, og Magnúsar Magnússonar, en þeir ákváðu að sækjast ekki eftir endurkjöri.

## Kom á óvart



Það kom mörgum á óvart þegar **Finnur Árnason**, forstjóri Haga, staðfesti við Vísi að verslunarrisinn hefði ákveðið að loka Topshop á Íslandi. Samkvæmt upplýsingum Markaðarins kom ákvörðunin stjórnendum og eigendum Kringlunnar og Smáralindar í opna skjöldu. Fréttu þeir af ákvörðun Haga daginn áður en fréttin birtist eða um svipað leyti og fyrirtækið tilkynnti starfsfólki Topshop um lokunina. Finnur sagði í samtali við Vísi að stutt væri eftir af leigusamningum um verslunarrými tískubúðarinnar og því hefði verið tekin ákvörðun um að framlengja ekki. Heimildir Markaðarins herma að ekki sé búið að ráðstafa plássunum tveimur.

## Vendingar hjá GAMMA



Tilkynnt var um það í gær að **Gísli Hauksson**, annar af stofnendum fjármálafyrirtækisins GAMMA, hefði ákveðið að láta af starfi forstjóra auk þess sem gerðar yrðu aðrar breytingar á skipuriti félagsins. Gísli mun taka við sem stjórnarformaður GAMMA, en hann á um 31 prósent hlut í félaginu, og Valdimar Ármann verður eftirmaður Gísla. Samhliða þessum breytingum var greint frá því að Lýður Þorgeirsson, sem á 4 prósent í GAMMA og hefur verið framkvæmdastjóri sérhæfðra fjárfestinga, hefði látið af störfum. Við starfi Lýðs tekur Ingvi Hrafn Óskarsson.

# Sýna nýjustu tækni í Barcelona



Stærsta sýning heims á farsímum og tengdum tækjabúnaði (e. World Mobile Congress) stendur nú yfir í Barcelona á Spáni. Framleiðendur kynna þar tækninýjungar og vörur sem þeir bjóða á sérútbúnum sýningarsvæðum. Karlmaðurinn á myndinni heimsótti sýningarbás Samsung og fékk að prófa nýjustu sýndarveruleikatækni suðurkóreska fyrirtækisins og klæddist hann sérútbúnum hönskum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Nei, Bill Gates, vélmenni munu ekki auka atvinnuleysi



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Ef maður lítur til baka á hagsögu heimsins þá hafa stjórnmálamenn annað slagið fundið fyrir undarlegum ótta um að ný tækni muni gera alla atvinnulausa. Að vélarnar taki yfir öll störfin. Og ef það eru ekki vélar sem koma og taka störfin þá eru það „vondu innflytjendurnir“. Upp á síðkastið hefur þessi ótti birst aftur. Þannig lagði Bill Gates, stofnandi Microsoft, nýlega til að tekinn yrði upp skattur á vélmenni.

En sannleikurinn er sá að þessi ótti er aðallega útbreiddur á meðal þeirra sem eru ekki hagfræðingar. Það er nánast ómögulegt að finna hagfræðing nokkurs staðar í heiminum sem lýsir áhyggjum af því að tækniþróun (eða innflytjendur) valdi atvinnuleysi. Þvert á móti vitum við, sem hagfræðingar, að framleiðniaukning vegna tækniframfara og starfsgreinaskiptingar er grunnurinn að launahækkunum.

### Lögmál Says

Hagfræðingar vita að það er ekkert tækniatvinnuleysi af því við skiljum það sem kallast lögmál Says sem nefnt er eftir franska hagfræðingnum Jean-Baptiste Say. Yfirleitt segjum við að lögmál Says snúist um að „framboð skapi sína eigin eftirspurn“. Þetta þýðir að þegar eitthvað er framleitt skapi það í sjálfu sér tekjur fyrir þá sem framleiða vöruna (hluthafa og starfsmenn) og að þær tekjur séu notaðar í eftirspurn eftir því sem einhver annar framleiðir.

Hvað varðar tæknina þá þýðir þetta að ef tækniframfarir auka framleiðni þá leiðir það til meiri tekna sem í sjálfu sér skapar eftirspurn. Þetta þýðir líka að við getum sjálfsagt ímyndað okkur að hægt verði að skipta út leigubílstjóra með sjálfkeyrandi bíl, en það er ekki það sama og að segja að heildaratvinnuleysi muni aukast. Ef verðið á leigubílaferðum lækkar um helming þá skapar það tekjuaukningu fyrir viðskiptavininn. Þennan tekjuauka getur hann notað til að kaupa aðrar vörur og það skapar sambærileg störf.

### Heimskuleg hugmynd

Svo ef tæknin kemur í stað starfs þá skapar hún annað. Við vitum ekki hvers konar starf það er en ef við lítum á söguna þá hefur orðið gríðarleg tækniþróun án þess að atvinnuleysi hafi aukist. Tökum Bandaríkin sem dæmi. Árið 1960 var bandarískt vinnuafl 60 milljónir manna. Í dag er það 160 milljónir. Á sama tíma hefur framleiðni aukist um 2-3% að meðaltali á ári. En hvað hefur átt sér stað varðandi hlutfall atvinnuleysis? Árið 1950 var atvinnuleysið 5,2%. Núna er það 4,9%. Svo, nei, hvorki fólksfjölgun né framleiðniaukning veldur atvinnuleysi. Þvert á móti skapar þetta velmegun. Þannig er vélmennaskattur Bills Gates bara önnur heimskuleg hugmynd sem gæti gert okkur öll fátækari.

> **Þannig er vélmennaskattur Bills Gates bara önnur heimskuleg hugmynd sem gæti gert okkur öll fátækari.**

Og að lokum má geta þess að við höfum nú þegar vélmennaskatt – hann er kallaður tekjuskattur fyrirtækja.

# Forystuþjóð



**Hin hliðin**
**Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé,**
Dale Carnegie þjálfari og FKA-félagskona

Viðtalsbókin Forystuþjóð eftir Eddu Hermannsdóttur og Ragnhildi Steinunni Jónsdóttur kom út 16. febrúar síðastliðinn. Bókin er mjög glæsileg, bæði að umfangi og efni, og óska ég höfundum innilega til hamingju með hana. Í kjölfarið hefur verið mikil umræða um stöðu jafnréttismála á Íslandi sem er af hinu góða.

Frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, er einn viðmælenda í bókinni. Vigdís, sem var fyrsta konan í heiminum til að vera kosin forseti í lýðræðislegri kosningu fyrir 37 árum, ruddi jafnréttisbrautina bæði á Íslandi sem og í heiminum. Hún var og er glæsileg fyrirmynd og hefur hjálpað mörgum konum úti um allan heim. Vigdís segir í bókinni að Kvennaskeiðið sé rétt að hefjast. Hún segir það ekki hafið heldur sé það enn þá á þröskuldinum.

Kjarninn gerði nú í febrúar úttekt á stöðu kvenna sem stjórnenda á fjármálamarkaði. Niðurstaðan er mjög sláandi.

Konur eru einungis 9% stjórnenda á fjármálamarkaði og það er engin kona forstjóri fyrir skráðu félagi á hlutabréfamarkaði á Íslandi. Auk þess eru aðeins karlar sem stýra stærstu lífeyrissjóðum landsins. Æðstu stjórnendur Seðlabankans, forsætisráðherra, fjármálaráðherra og forstjóri Kauphallarinnar eru karlmenn. Þetta eru allt staðreyndir dagsins í dag, árið 2017.

Samkvæmt rannsókn sem var gerð á vegum aðgerðahóps um launajafnrétti og í samráði við Hagstofu Íslands og kynnt í maí 2015 þá er mat á kynbundnum launamun á vinnumarkaði 7,6%. Á almenna markaðinum er munurinn 7,9% en 7,0% á opinbera markaðinum. Þó okkur sé að miða í rétta átt og launamunur sé meiri í eldri aldurshópum en yngri þá er þetta algjörlega óásættanlegt.

Hvað er til ráða? Margir segja að konur þurfi að deila meira ábyrgðinni heima fyrir. Aðrir segja að konur skorti kjark og „pung“ til að láta í sér heyra.

Í tengslum við þessa umræðu voru margar konur sem stigu fram með eftirfarandi yfirlýsingu á Facebook og var greinarhöfundur ein af þeim:

Í ljósi umræðu í fjölmiðlum vil ég taka fram að ég er tilbúin að takast á við ábyrgðarstörf í íslensku atvinnulífi.

# GÓÐ VERÐ Í MARS

Iceland

Egils Orka
500ML
129 KR
258 kr.l

Arizona
ALLAR TEGUNDIR
229 KR
500 ml
458 kr.l

Coca-Cola
1L. Allar tegundir
169 KR
1 l
169 kr.l

Lay´s Sensations
Thai Sweet & Mexican Pep.
199 KR
150g
1327 kr/kg

Weetos
Heilhveitihringir
399 KR
350g
1140 kr/kg

Guylian
Trönuber, bláber, rúsínur
549 KR
150g
3660 kr/kg

Himnesk hollusta
Hnetubiti, kókosbiti
99 KR
40g
2475 kr/kg

Jacob´s
Pítubrauð, fín og gróf
199 KR
6 stk
33 kr/stk

Durex
Feel + Saucy strawberry
1199 KR

Malaco
Gott og blandað
199 KR
160g
1244 kr/kg

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN ICELAND,
ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

# MARKAÐURINN

vísir www.visir.is | Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 1. mars 2017


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Endurkoma Nokia

**Nýverið var** tilkynnt að Nokia hygðist hefja innreið á farsímamarkað á ný, en félagið HDM Global ætlar að setja hinn forna 3310 síma aftur á markað. Nokia-merkið hefur undanfarin ár gengið gegnum mikinn öldudal eftir að hafa verið leiðandi á farsímamarkaði um langt skeið upp úr aldamótum.

**Nokia er** vissulega fjölbreytt fyrirtæki en farsímadeild félagsins var seld til Microsoft fyrir nokkrum árum. HDM Global er stofnað af gömlum Nokia-farsímakempum sem hyggjast reisa nafnið úr öskustónni. Auk þess að kaupa farsímahlutann af Microsoft hafa þeir einnig fengið leyfi hjá Nokia til að framleiða farsíma undir merkjum félagsins.

**Þegar** markaðshlutdeild Nokia féll á nánast einni nóttu var það vegna nýrra og ferskra síma sem komu frá Apple og hinum ýmsu framleiðendum með stýrikerfið Android. Fallið var dramatískt með eindæmum en í árslok 2007 seldi Nokia annan hvern farsíma í heiminum. Fimm árum síðar var hlutfallið 3,5 prósent.

**Nokia var** nátttröllið sem dagaði uppi.

**Þess vegna** er nálgun Nokia nú að mörgu leyti forvitnileg. 3310 símanum er ætlað að höfða til þeirra sem vilja einfaldan síma, eða þeirra sem þurfa að hafa tvo. Síminn býður með öðrum orðum upp á afturhvarf til fortíðar.

**Sennilegt er** að markhópurinn sé nokkuð stór. Þannig hefur það færst í aukana meðal voldugra í viðskiptalífinu í Bretlandi að vera einungis með gamlan Nokia síma sem aðeins ber símtöl og textaskilaboð. Þannig gefa þeir þau skilaboð að þeir séu ekki þrælar tölvupóstsins heldur ráði tíma sínum sjálfir. Phillip Green, eigandi Topshop, er sennilega þekktasta dæmið.

**Kannski er** Nokia nú með puttann á púlsinum, rétt eins og þeir sváfu á verðinum fyrir um áratug? Getum við annars ekki öll verið sammála um að stundum sé nauðsynlegt að gefa snjallsímanum frí?

## Helgi seldi bréf í N1

Fjárfestingarfélagið Hofgarðar, í eigu Helga Magnússonar fyrrverandi formanns Samtaka iðnaðarins og stjórnarmanns í N1, seldi í gær þrjár milljónir hluta í olíufélaginu. Félagið seldi á genginu 133 krónur á hlut og fékk því 399 milljónir króna fyrir bréfin. Hinrik Örn Bjarnason, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs N1, seldi fyrr um daginn bréf í félaginu fyrir rúmar 7,5 milljónir. Á fimmtudag var tilkynnt til Kauphallar Íslands að Helgafell, eignarhaldsfélag í eigu Bjargar Fenger, eiginkonu Jóns Sigurðssonar stjórnarmanns í N1, hefði selt bréf í félaginu fyrir 540 milljónir. – hg



Helgi Magnússon, fjárfestir

> Ég tel persónulega að það sé ekki hentugt fyrir Ísland að eiga alla viðskiptabankana. Ég held að ærið nóg sé að eiga tvo þeirra þótt tímabundið sé.

Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra






Fiskislóð 33 - 37, 101 Reykjavík

# Hvar á fyrirtækið þitt að vera?

**HEILD** fasteignafélag hefur yfir að ráða fjölda af vel staðsettum atvinnulóðum á höfuðborgarsvæðinu.

**Hafðu samband ef þig vantar framtíðarstað fyrir fyrirtækið þitt.**

Heild er meðal stærstu fasteignafélaga landsins og sérhæfir sig í atvinnuhúsnæði, lóðum og þróunarverkefnum.

Heild hefur yfir að ráða fjölbreyttu úrvali eigna á höfuðborgarsvæðinu og leitast við að mæta þörfum viðskiptavina sinna – hvort sem laga þarf húsnæði að þörfum þeirra eða byggja hús frá grunni.

Garðastræti 37, 101 Reykjavík, sími 568 6787 fyrirspurn@heild.is www.heild.is

HEILD fasteignafélag

ÞJÓNUSTA

GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Húsaviðhald



**VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA**
Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**mýranaut**
Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**BAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
óskar eftir starfskrafti á KVÖLD OG HELGARVAKTIR við afgreiðslu á bar. Aldur 25+. Íslensku kunnátta skilyrði.
**Umsóknir sendist á: smaar@frettabladid.is merkt "BAR"**

Veitingahúsið Sukhothai óskar eftir að ráða 2 kokka sem geta eldað asíu mat. Uppl. Sukhothai.sukhothai@yahoo.com

## Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**
Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.
**Nánari upplýsingar í síma 551 5000 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**

## atvinna

# Sölumaður

**óskum eftir að ráða sölumann til starfa**

# Söludeild

**óskum einnig eftir starfsmanni í söludeild**
**Tiltekt á pöntunum í verslanir og veitingastaði**
**Vinnutími: 07:00 - 16:00**

***Vinsamlega hafið samband í síma:***
*Sófus gsm: 863 1938*
*eða sendið okkur póst á: sofus@ali.is*

Ali

*Síld og fiskur ehf - Dalshrauni 9b - 220 Hafnarfirði*

4848#

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
**www.hagvangur.is**

# Góð kaup!

KOMDU OG PRÓFAÐU!

# bill.is

Malarhöfða 2
Sími 5773777
www.bill.is



**SUZUKI** Grand vitara prem-n
**Verð: 2.290.000**
Árgerð: 2014 : Bensín
Ekinn: 113þ.km. : 5 gírar
Rnr.302029.



**FORD** Ka trend.
**Verð: 890.000**
Árgerð: 2011 : Bensín
Ekinn: 136þ.km. : 5 gírar
Rnr.106748.



**MAZDA** 2 vision
**Verð: 2.150.000**
Árgerð: 2016 : Bensín
Ekinn: 64þ.km. : Sjálfskiptur
Rnr.250195.



**HYUNDAI** Tucson classic
**Verð: 4.570.000**
Árgerð: 2016 : Dísel
Ekinn: 35þ.km. : Sjálfskiptur
Rnr.260163.



**HYUNDAI** Ix35 premium high outpu
**Verð: 3.890.000**
Árgerð: 2015 : Dísel
Ekinn: 68þ.km. : Sjálfskiptur
Rnr.106967.



**SUBARU** Xv.
**Verð: 4.290.000**
Árgerð: 2016 : Bensín
Ekinn: 32þ.km. : Sjálfskiptur
Rnr.270277.

## húsnæði óskast

### Ártúnsholt / Árbær

Hjón með þrjú börn óska eftir
**einbýli/raðhúsi/hæð á svæði 110,**
Ártúnsholt / Árbær.
Aðeins langtímaleiga kemur til greina.
Reglusemi og skilvísar greiðslur.

Allar nánari upplýsingar sendist á:
**sendtohelgi@gmail.com**

## tilkynningar

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

### Þátttakendur í tilraunaverkefnið „sveigjanleiki í þjónustu – frá barni til fullorðins“

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar auglýsir eftir þátttakendum í tilraunaverkefnið sveigjanleiki í þjónustu – frá barni til fullorðins sem byggir á aðgerðaáætlun með stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2013-2024.

Tilraunaverkefninu er ætlað að létta álagi af fjölskyldum ungmenna sem þurfa mikla þjónustu án þess að þau þurfi að flytjast af heimili sínu meðan tilraunaverkefnið stendur yfir. Með því móti er hægt að auðvelda aðlögun ungmennis og fjölskyldu þess að búsetu á eigin heimili.

**Til að geta sótt um þátttöku í tilraunaverkefninu þarf umsækjandi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:**

- Eiga lögheimili í Reykjavík.
- Vera á aldrinum 17-22ja ára þegar sótt er um.
- Vera fatlaður í skilningi laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.
- Vera búsettur í foreldrahúsum.
- Eiga gilda umsókn á biðlista um sértækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk og þjónustuþörf hans skal vera metin í flokk III samkvæmt verklagi þar að lútandi, þ.e.a.s. metinn í þörf fyrir sólarhringsþjónustu.
- Vera metinn til hámarksþjónustu samkvæmt reglum um félagslega heimaþjónustu í Reykjavík og reglum um stuðningsþjónustu í Reykjavík.

Sótt er um á sérstöku umsóknareyðublaði hjá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar. Við val á þátttakendum er m.a. horft til mismunandi þjónustuþarfa, húsnæðisaðstöðu og virkni umsækjenda. Jafnframt er tekið mið af þeim aðstæðum sem valda því að mikilvægt sé að umsækjandi sé í mikilli nánd við foreldra sína.

Vakin er athygli á því hjá þeim sem veljast í tilraunaverkefnið, að liðveisla, frekari liðveisla og skammtímavistun, sem veitt er á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 og félagsleg heimaþjónusta sem veitt er á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 fellur niður meðan á tilraunaverkefninu stendur.

Þeir sem taka þátt í tilraunaverkefninu munu sjálfir ráða til sín starfsfólk og annast skipulag þjónustunnar.

Um tilraunaverkefnið fer nánar samkvæmt reglum sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs Reykjavíkurborgar þann 2. febrúar 2017 og fundi borgarráðs þann 9. febrúar 2017. Hægt er að nálgast reglurnar á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar og vefsíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. mars næstkomandi.**

## atvinna

### Hársnyrtir

Hársnyrtir á 104 RVK-svæðinu auglýsir eftir starfsmanni til starfa sem fyrst. Starfið felst aðallega í herraklippingu. Um er að ræða stofu sem er ekki með stólaleigu.

Góð laun og góður félagsskapur í boði.

**Upplýsingar veitir Dóri s. 899 6637eða Inga s. 863 7949. Einnig má senda á doriinga@talnet.is**

## tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

**Hólsvirkjun, 5,5 MW vatnsaflsvirkjun í Þingeyjarsveit**

skuli háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **30. mars 2017.**

## fasteignir




**OPIÐ HÚS**
**fimmtudaginn 2.mars kl.17:00-17:30**



Laus til afhendingar
Skemmtileg hæð með sérinngangi í fallegu gömlu steinhúsi í miðborginni
4ra herbergja 91,5 fm auk hlutdeildar í sameiginlegu þvottahúsi
Heillandi bjartar samliggjandi stofur
Góður garður með verönd og skjólveggjum
Komið að endurbótum innanhúss en lagnir endurnýjaðar fyrir um 16 árum

Verð: **49,9 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
**Þórunn Pálsdóttir,**
löggiltur fasteignasali
sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

### Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýst tillaga að deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Kringlumýrarbraut frá Miklubraut að Bústaðavegi**
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 15. febrúar 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 23. febrúar 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Kringlumýrarbraut frá Miklubraut að Bústaðavegi. Deiliskipulagið nær yfir Kringlumýrarbraut og nærumhverfi hennar, frá Miklubraut að frárein upp á Bústaðaveg. Í tillögunni felst að komið er fyrir forgangsleið fyrir almenningssamgöngur í norður- og suðurátt ásamt því að skilgreina hjóla- og gönguleið og hljóðvegg meðfram lóðum við Stigahlíð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Akrasel 8, birt að nýju**
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 8. febrúar 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 23. febrúar 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á skilmálum deiliskipulags vegna lóðarinnar nr. 8 við Akrasel. Í breytingunni felst að heimila tvær íbúðir og taka í notkun óútgrafið rými í húsinu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna. **Vakin er athygli á að auglýsing varðandi Akrasel 8 sem birtist 15. febrúar 2017 í Fréttablaðinu og Lögbirtingarblaði er felld niður.**

**Tryggvagata 18-18c**
